# FRÉTTABLAÐIÐ

237. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 7. OKTÓBER 2016




Föstudagsviðtalið

# Fjórir formenn vilja að sjúklingar borgi minna

Forystumenn Alþýðufylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Dögunar og VG eru sammála um að heilbrigðismálin séu eitt stærsta kosningamálið. Sjúklingar eigi ekki að greiða fyrir þjónustuna. Þeir ræða einnig bankakerfið, lífeyrisjóði og fleira. →12

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Þroskaskertum manni kastað milli landa

**FLÓTTAMENN** Hælisleitandi sem Útlendingastofnun sendi á miðvikudag til Noregs var kominn aftur til Íslands um kvöldið.

Toshiki Toma, prestur innflytjenda, segir manninn, sem er 24 ára og frá Norður-Afríku, hafa þroska á við lítið barn.

„Hann á erfitt með að skilja og er oft eins og lítið barn. Það þarf að passa vel upp á hann,“ segir Toshiki aðspurður um hagi hælisleitandans sem sendi Toshiki þessi skilaboð á miðvikudagskvöld: „Hæ, Toma. Noregur sendi mig aftur til Íslands. Ég er mjög glaður!“

> Hæ, Toma. Noregur sendi mig aftur til Íslands. Ég er mjög glaður!
>
> Hælisleitandi frá Afríku

Þegar Fréttablaðið leitaði svara hjá Útlendingastofnun þekktu starfsmenn þar ekki nýjustu þróun í málinu. Samkvæmt svörum stofnunarinnar eru hælisleitendur sendir úr landi ef beiðni þeirra er hafnað eða ef þeir draga hana til baka.

Hælisleitandinn mun hafa búið í fjögur ár í Noregi við erfiðan kost er hann kom til Íslands í fyrrasumar. Nú, rúmu ári síðar, í kjölfar þess að máli hans var lokið fyrir íslenskum stjórnvöldum, var honum vísað úr landi.

Manninum var fylgt úr landi af stoðdeild embættis ríkislögreglustjóra sem annast framkvæmd slíkra mála.

Hælisleitandinn dvelur núna í gistiskýli Útlendingastofnunar við Bæjarhraun í Hafnarfirði. – þh

## Ótrúlegur sigur eftir taugastríð

**FÓTBOLTI** „Við tökum sigrinum fagnandi,“ sagði Alfreð Finnbogason, sem tryggði íslenska landsliðinu dramatískan og ótrúlegan 3-2 sigur á Finnlandi í fyrsta heimaleik liðsins í undankeppni HM 2018.



Sigurmarkið kom á fjórðu mínútu í uppbótartíma og var afar umdeilt. Þjálfari finnska liðsins talaði um hneyksli.

- tom / sjá síðu 18

## Fréttablaðið í dag





**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson og vitsmunaleg heilsurækt. 17

2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● JÓLAHLAÐBORÐ


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Suðaustanáttin verður stíf víða um land og getur náð stormi syðst á landinu. Norðanlands verður allvíða sólríkt, en syðra verður skýjað með rigningu öðru hverju. SJÁ SÍÐU 24

# Góður gestur á leiknum



Adam Williams, breskur lögregluþjónn, og kærasta hans, Catherine Janes, voru afar spennt fyrir landsleik Íslendinga og Finna í gær. Williams var stunginn eftir leik Íslands og Frakklands á EM í sumar. Hann er mikill stuðningsmaður Íslands. „Ég er mjög spenntur, ég held að leikurinn fari 3-0 fyrir Ísland. Svo langar mig að þakka öllum sem buðu mér hingað,“ sagði Williams fyrir leikinn sem lauk með 3-2 sigri Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Írar vilja áfram opin landamæri

**ÍRLAND** Írska ríkisstjórnin hyggst fara fram á samningaviðræður við Evrópusambandið um að landamærunum að Norður-Írlandi verði áfram haldið opnum eftir að Bretland hefur formlega yfirgefið Evrópusambandið.

Írar hafa áhyggjur af því að brotthvarf Bretlands leiði til að landamærum Írlands og Norður-Írlands verði vandlega lokað, fari svo að samningaviðræður Breta við Evrópusambandið endi með því að Bretar skelli öllu í lás.

Sérsamningur við Írland myndi hins vegar þýða að íbúar annarra Evrópusambandsríkja ættu áfram greiða leið til Bretlands um Írland. **– gb**



Charles Flanagan, utanríkisráðherra Írlands,

## Svíar rannsaka peningaþvætti

**SVÍÞJÓÐ** Fyrrverandi starfsmaður Svíþjóðardemókrata, sem kallar sig Egor Putilov, mun sæta rannsókn vegna gruns um peningaþvætti. Fasteignaviðskipti hans við dæmdan rússneskan kaupsýslumann hafa verið kærð til efnahagsbrotadeildar sænsku lögreglunnar.

Putilov, sem gengið hefur undið fimm nöfnum en heitir í raun Alexander Fridback, keypti einbýlishús af Rússanum og seldi það síðan fyrir nær tvöfalt hærra verð. Grunur leikur á að um lið í peningaþvætti hafi verið að ræða. Rússneski kaupsýslumaðurinn, sem afplánar nú fangelsisdóm, er sagður tengjast rússneskum yfirvöldum. **– ibs**



Jimmy Åkesson, formaður Svíþjóðardemókrata

## Börnin léku sér í myglu á Hofsósi

**SKÓLAR** Börn í leikskólanum Tröllaborg á Hofsósi léku sér um stund í myglu í húsnæði leikskólans. Myglan einskorðaðist við háaloft hússins.

Foreldrar barna á Hofsósi urðu eðlilega skelkaðir þegar myglan kom í ljós en Anna Árnína Stefánsdóttir leikskólastjóri segir að myglan sem fannst hafi ekki verið skaðleg og því hafi foreldrar og starfsfólk róast.

„Húsið er frekar lélegt. Þetta er ekki þessi hættulega mygla en það þarf auðvitað að laga þetta. Þegar niðurstaða kom þá róuðust allir og það er verið að vinna í málinu.“

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra segir í fundargerð að eftir þrif og þéttingu á loftlúgu hafi myglugró í leikstofum barna ekki verið til staðar. Heilbrigðisnefnd vill fá tímasetta áætlun um endurbætur á húsnæðinu fyrir lok nóvember 2016. **– bbh**




# Veiðimenn fá að nota hljóðdeyfa á rifflana

**Hljóðdeyfar draga úr líkum á heyrnarskemmdum og minnka truflun hjá öðru útivistarfólki. Mjög mikilvægt er að minnka hávaðann segir formaður Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum. Skotveiðimenn segjast mjög ánægðir.**

**SAMFÉLAG** „Það er okkur mikilvægt að minnka hávaðann í vopnunum sem verið er að nota, til að draga úr hættu á heyrnarskaða sem er mjög algengur fylgifiskur skotveiða,“ segir Jón Hávarður Jónsson, formaður Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum.

Nýjar reglur sem heimila veiðimönnum að nota hljóðdeyfa tóku gildi í liðinni viku. Þessi breyting er til samræmis við hliðstæðar reglugerðir á öðrum Norðurlöndum og tekur til stærri veiðiriffla.

Reglugerðin var unnin af innanríkisráðuneytinu í samstarfi við embætti ríkislögreglustjóra, Lögreglustjórafélag Íslands, lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu og Umhverfisstofnun.

Lögreglustjórar veita heimild til notkunar hljóðdeyfis og er gerð krafa um að hljóðdeyfirinn sé geymdur í sérútbúnum vopnaskáp.

Samkvæmt íslenskum vopnalögum hefur hingað til ekki verið heimilt að breyta vopnum, til dæmis með því að setja hljóðdeyfi framan á byssu.

Í tilkynningu innanríkisráðuneytisins segir að með notkun hljóðdeyfa verði hávaðinn um 130 dB sem er undir sársaukamörkum og dragi því úr hættu á heyrnarskemmdum.

Gunnar Bjarnason, formaður Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis, segir félagið vera mjög ánægt með breytinguna.

„Sterkustu rökin fyrir því að leyfa hljóðdeyfa eru tengd heilsuvernd, þá einkum varðandi heyrn veiðimanna og ekki síst hjá leiðsögumönnum,“ segir Gunnar.

Formaður Skotveiðifélagsins segist jafnframt vona að nýju reglurnar muni hafa í för með sér minni skörun milli veiðimanna annars vegar og útivistarfólks hins vegar. Það muni dýralíf verða fyrir minni truflun. **thorgeirh@frettabladid.is**



**Riffill með hljóðdeyfi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Hreindýrin eiga framvegis von á hljóðlátari skotveiðimönnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Sterkustu rökin fyrir því að leyfa hljóðdeyfa eru tengd heilsuvernd, þá einkum varðandi heyrn veiðimanna og ekki síst hjá leiðsögumönnum**
>
> Gunnar Bjarnason, formaður Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis

# Landsbankinn lækkar kostnað við íbúðakaup

Nú greiða viðskiptavinir ekki meira en 52.500 kr. í lántökugjald vegna íbúðalána hjá Landsbankanum.

**1 Lántökugjald af íbúðalánum er nú föst upphæð, óháð lánsfjárhæð**

Lántökugjald er nú ein upphæð eða 52.500 kr.* vegna íbúðalána einstaklinga sem lækkar kostnað mikið í langflestum tilvikum. Lántökugjald og kostnaður vegna 20 m. kr. íbúðaláns til einstaklings var áður 155.000 kr. svo dæmi sé tekið.




**2 Þeir sem eru að kaupa í fyrsta skipti greiða ekkert lántökugjald**

Landsbankinn hefur um árabil fellt niður lántökugjald hjá einstaklingum sem eru að kaupa sína fyrstu fasteign. Þetta helst óbreytt og hefur aðgerðin því engin áhrif á kostnað fyrstu kaupenda.

**Kynntu þér allt um íbúðalán** á landsbankinn.is/ibudalan. Þú færð einnig upplýsingar og ráðgjöf í næsta útibúi eða í síma 410 4000.

*Gjald miðað við verðskrá Landsbankans 6. október 2016.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

# Sporin hræða og það þarf varfærin skref í uppbyggingu fiskeldis

**UMHVERFISMÁL** Ýtrustu varúðarsjónarmið gagnvart umhverfinu eru í fullu gildi sem stefna Vinstri grænna hvað varðar uppbyggingaráform á sjókvíaeldi á Vestfjörðum og annars staðar, að sögn Katrínar Jakobsdóttur, formanns Vinstri grænna.

„Við höfum margoft gert að umræðuefni stöðu villta laxins í samhengi við uppbyggingu fiskeldis, en við erum ekki sjálfkrafa á móti hugmyndum um atvinnuuppbyggingu. Ég lít á það sem okkar skyldu, þrátt fyrir að það sé ánægjulegt að fá atvinnuuppbyggingu, að varðveita líffræðilega fjölbreytni villta laxins,“ segir Katrín.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, sem skipar efsta sæti á lista Vinstri grænna í Norðurvesturkjördæmi, birti í gær grein um þá möguleika sem felast í uppbyggingu fiskeldis á Vestfjörðum, þar sem hún stillir þeirri uppbyggingu upp sem svari við „óheillaþróun síðustu ára“ í atvinnulegu tilliti.

Greinin birtist á sama tíma og deilur um réttmæti fiskeldis út frá

> Ég lít á það sem okkar skyldu, þrátt fyrir að það sé ánægjulegt að fá atvinnuuppbyggingu, að varðveita líffræðilega fjölbreytni villta laxins.
>
> Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna



umhverfislegum og fjárhagslegum, hagsmunum hafa náð hámarki. Eftir birtingu hennar sköpuðust umræður á samfélagsmiðlum um að sýn Lilju á eldið gengi þvert á stefnu Vinstri grænna þar sem rauði þráðurinn er og að náttúran skuli njóta vafans.

Katrín segir að við lestur greinarinnar sjái hún ekki að skoðun Lilju sé á skjön við stefnu flokksins – heldur tiltaki hún sérstaklega að eldið skuli lúta ströngustu reglum. Katrín viðurkennir að áhugi Lilju Rafneyjar á atvinnuuppbyggingu á Vestfjörðum með fiskeldi skíni vissulega í gegn, en tekið sé skýrt fram í greininni að nýting auðlindarinnar skuli vera með sjálfbærum hætti.

Katrín segir að mikil aukning í fiskeldi sé í umræðunni en „mér finnst við ekki geta ráðist í hana nema einmitt að hafa öll gögn uppi á borðum um hver hættan er. Við höfum spor sem hræða, til dæmis frá Noregi og því er engin spurning í mínum huga að þarna þarf að taka mjög varfærnisleg skref,“ segir Katrín. **– shá**

## Ráðherra grípi inn í mál drengs

**STJÓRNMÁL** Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, lýsti í gær áhyggjum sínum af máli fimm ára íslensks drengs sem senda á úr landi til barnaverndaryfirvalda í Noregi eftir að móðir hans var svipt forræði yfir honum. Sagði Ragnhildur þarna um að ræða mannréttindamál sem Alþingi og stjórnvöld ættu að láta sig varða.

Skoraði Ragnheiður á flokkssystur sína, Ólöfu Nordal innanríkisráðherra, að grípa inn í atburðarásina. Norsk barnaverndaryfirvöld sviptu foreldra drengsins forræði áður en móðirin fór með hann til Íslands. Faðirinn býr í Danmörku.

Þá hefur einnig verið sett af stað undirskriftasöfnun þar sem skorað er á íslensk stjórnvöld að hafa afskipti af barnaverndarmálum í Noregi. **– þea**



**Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingmaður.**

### LEIÐRÉTTING

*Í leiðara Fréttablaðsins í gær sagði að núverandi ríkisstjórn hefði lækkað virðisaukaskatt á sykraða matvöru í 11 prósent. Hið rétta er að 1. janúar 2015 voru vörugjöld á sykruðum mat felld niður en á sama tíma var virðisaukaskattur á mat og þar með sælgæti hækkaður úr 7 prósentum í 11 prósent. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.*

### LEIÐRÉTTING

*Niðurlag í grein Þórólfs Árnasonar féll niður í Fréttablaðinu í gær. Lokaorðin má lesa í greininni á Vísi.*

### LEIÐRÉTTING

*Í grein Björgvins Guðmundssonar í gær var Bjarni Benediktsson ranglega titlaður forsætisráðherra.*

# Vitund um höfundarrétt verði aukin með fræðslu í skólunum

**Félag tónskálda og textahöfunda stóð fyrir fundi í Hörpu með nokkrum fulltrúum stjórnmálaflokkanna þar sem spurt var hvort höfundarréttur væri úreltur. Niðurstaðan varð sú að svo var ekki, en leita þyrfti leiða til að verja höfundarréttinn. Ein leið væri að auka fræðslu um höfundarrétt meðal skólanemenda.**

**MENNING** Áhugi er meðal stjórnmálamanna á að efla fræðslu um höfundarrétt í skólum. Slíkt ætti að geta aukið vitund ungmenna og barna á höfundarrétti og þannig dregið úr líkum á ólöglegu niðurhali.

Þetta var meðal þess sem kom fram á fundi sem Félag tónskálda og textahöfunda (FTT) stóð fyrir í Hörpu gær undir yfirskriftinni „Er höfundarréttur úrelt fyrirbrigði?“.

Í almennum umræðum benti Páll Óskar Hjálmtýsson á að góð leið til efla vitund almennings væri að efla fræðslu meðal ungmenna um hvað fælist í höfundarrétti.

„Við lifum núna við þá staðreynd að það eru komnar tvær, jafnvel þrjár kynslóðir af krökkum sem hafa alist upp við það að ná í hugverk annarra nánast endurgjaldslaust án nokkurrar fyrirhafnar,“ sagði Páll Óskar sem lagði fram tillögu að útfærslu sem lesa má hér til hliðar. Fulltrúar allra flokka tóku undir sjónarmið hans.

Á fundinum kom einnig fram að fulltrúar flokkanna litu ekki á höfundarrétt sem úrelt fyrirbæri þó að það þurfi að styrkja hann betur með lagasetningu og aukinni umræðu.

Ein leið sem allir voru sammála um var að breyta skattkerfinu þannig að greiðslur vegna höfundarréttar verði skattlagðar með fjármagnstekjuskatti, en ekki tekjuskatti eins og nú er.

Rætt var um rof sem væri í samfélaginu gagnvart höfundarrétti. Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, benti á að það snerti ekki einvörðungu internetið.

„Bæði Háskóli Íslands og Ríkisútvarpið hafa komið illa fram í umgengni sinni við höfundarrétt,“ sagði Ólína og tók dæmi af nýlegri endurvinnslu RÚV á viðtali sem hún sjálf tók við Elly Vilhjálmsdóttur þegar hún vann hjá stofnuninni. Það hafði verið sýnt nýlega í sjónvarpinu í breyttri mynd.




**Umræðufundur um höfundarrétt á vegum Félags tónskálda og textahöfunda.**

### Tillaga Páls Óskars



Á fundinum sagði Páll Óskar að höfundarverk birtist ungmennum í tölvunum ekki ósvipað því og máltíð birtist á matarborðinu með töfrum.

„Þau gera sér enga grein fyrir fyrirhöfninni, vinnunni eða verðmætunum sem þau eru með í höndunum. Þess vegna datt mér í hug: hvers vegna ekki að koma þessu inn í skólakerfið? Hægt væri að láta krakkana í skólastofunni teikna mynd, semja ljóð, lítinn lagstúf eða skrifa litla sögu niður á blað. Svo myndi hver rétta útkomuna næsta krakka við hliðina. Sá krakki myndi pakka sögunni inn, ramma hana inn eða koma í gjafaumbúðir og selja þriðja krakkanum fyrir peninga.“

Það er hægt að útfæra þetta á ýmsa vegu, en þetta er bara til þess gert að þau geri sér grein fyrir því að það verði ekkert til úr engu og að þú getur skapað verðmæti úr því sem þú hannar eða semur eða skapar. Þetta er líka til þess gert að þau hugsi sig tvisvar um áður en þau hreint og beint fari inn á torrent-síðu til þess að ná sér í nýjasta sjónvarpsefnið, tónlistina eða bíómyndina.“

> Það kom berlega fram að fulltrúar allra flokkanna sem hér mættu eru fylgjandi því að höfundarréttur verði styrktur.
>
> Jakob Frímann Magnússon, formaður FTT



Smári McCarthy, fulltrúi Pírata, minnti á að alltaf hafi verið til einhvers konar almenningur hugmynda og því þyrfti að finna jafnvægi milli höfunda og þeirra sem eru að endurvinna hugverk.

„Það er oft talað um það að góðir höfundar afrita en frábærir höfundar stela. Þetta er kannski ekki rétt, en það er kannski þannig að allir sem eru í einhverri sköpun eru að fá sínar hugmyndir frá einhverjum stað,“ sagði Smári sem minnti á að stefna Pírata væri að samræma gildistíma höfundarréttar við alþjóðlega staðla.

Jakob Frímann Magnússon, formaður FTT, kvaðst ánægður með fundinn.

„Það kom berlega fram að fulltrúar allra flokkanna sem hér mættu eru fylgjandi því að höfundarréttur verði styrktur og varðveittur þó að Píratar séu með örlítil frávik frá þeirri reglu,“ sagði Jakob. **hlh@frettabladid.is**






# Vill ekki dæma um störf sín í Frakklandi

**ÍÞRÓTTIR** Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, vill ekki gefa upp hvaða vinnu hann innti af hendi í Frakklandi á meðan Evrópumótið stóð yfir.

Geir fékk tveggja mánaða laun í bónus fyrir vinnu sína en annað starfsfólk KSÍ, sem vann úti í Frakklandi, aðeins einn.

Í samtali við Fréttablaðið segist Geir ekki vilja dæma sín störf sjálfur. Þeir íþróttafréttamenn sem voru við störf á EM á vegum 365 staðfesta að Geir hafi verið í Annecy, þar sem íslenska liðið dvaldi á meðan EM stóð yfir, fyrstu tvo dagana en horfið síðan á braut og ekki komið þangað aftur.

Íslenska landsliðið og föruneyti hélt til Frakklands þann sjöunda júní og sneri til baka daginn eftir tapleikinn gegn Frökkum í átta liða úrslitum mánudaginn fjórða júlí. Dvölin stóð því í 27 daga.

Í tillögu fjárhagsnefndar KSÍ, sem var kynnt í lok sumars, segir að viðbótargreiðslan komi til vegna góðs árangurs í starfi í tengslum við riðlakeppni EM og úrslitakeppnina í Frakklandi.

Fyrir að komast í átta liða úrslit fékk KSÍ jafnvirði rúmlega tveggja milljarða króna í verðlaunafé frá UEFA. Leikmenn fengu sinn skerf, starfsfólk aukamánuð, Geir fékk tvo mánuði greidda og aðildarfélög innan KSÍ fengu um 400 milljónir króna. **– bbh**



**Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ fékk tveggja mánaða bónus.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM RAFTÆKJUM**
6.-10. OKTÓBER**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups. **Gildir ekki í Holtagörðum.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




Skelltu þér í sólina um jólin með fjölskyldunni, makanum eða vinum. Jólaferðir til Gran Canaria hafa verið afar vinsælar síðustu ár enda frábært að njóta sólarinnar þar ytra yfir hátíðina. Heimsferðir bjóða úrval gistingar á frábærum kjörum en Gran Canaria eru einn alvinsælasti áfangastaður Evrópubúa yfir veturinn, enda er þar að finna eitt besta loftslag í heimi, milt og gott veður með jöfnu hitastigi árið um kring. Á Gran Canaria eyjunni er að jafnaði 20-25 stiga hiti á daginn.

**IFA Buenaventura**

**Frá kr. 177.345**
**m/morgunmat innif.**
Netverð á mann frá kr. 177.345 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb.
Netverð á mann frá kr.206.995 m.v. 2 fullorðna í herb.
20. desember í 13 nætur.



**Don Diego**

**Frá kr. 145.390**
**m/ekkert fæði innif.**
Netverð á mann frá kr. 135.595 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 153.795 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
20. desember í 13 nætur.



**Barcelo Margaritas**

**Frá kr. 184.665**
**m/allt innifalið**
Netverð á mann frá kr. 181.830 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herb. Netverð á mann frá kr. 202.535 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
22. desember í 10 nætur.



**Aparthotel Green Field**

**Frá kr. 125.330**
**m/morgunmat innif.**
Netverð á mann frá kr. 125.330 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíó.
Netverð á mann frá kr. 141.595 m.v. 2 fullorðna í stúdíói.
22. desember í 10 nætur.




Heimsferðir


# Forsetinn fagnar stríðsafmæli



Hosni Mubarak, forseti Egyptalands frá 1981 til 2011, heilsar stuðningsmönnum af svölum Maadi-sjúkrahússins í Kaíró þar sem honum hefur verið haldið frá því hann var dæmdur fyrir spillingu 2011. Hann var hylltur á 43 ára afmæli Jom Kippúr-stríðsins við Ísrael. Í því var Mubarak yfir flugher Egypta. NORDICPHOTOS/AFP

# Fimm prósent þeirra er borga meðlag eru konur

**Elsti meðlagsgreiðandi landsins er níræður. Einnig er barn meðlagsskylt samkvæmt gögnum Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Karlar eru 95 prósent þeirra sem greiða meðlag. Jafnréttisstýra segir sterka stöðu kvenna hafa kostað mikla baráttu.**

**SAMFÉLAG** Aldrei hafa jafn margir Íslendingar greitt meðlag ef miðað er við 1. janúar síðastliðinn. Alls voru 11.725 einstaklingar meðlagsskyldir í upphafi árs.

Aðeins rétt rúmlega fimm prósent meðlagsgreiðenda eru konur, eða 687 talsins. 11.308 karlar eru meðlagsskyldir hér á landi.

„Maður sér þetta á mörgum stöðum í tölum Tryggingastofnunar til dæmis,“ segir Kristín Ástgeirsdóttir jafnréttisstýra. „Það kemur mjög skýrt fram að konur með börn eru í meirihluta þeirra sem fá fátæktaraðstoð og að konur eru líklegri til að vera öryrkjar en karlar. Það er eitthvað í kerfinu sem við þurfum að skoða mun betur.“

Forsjármálum hefur fjölgað mikið undanfarið hjá dómstólunum og segir Dagný Rut Haraldsdóttir, lögfræðingur hjá Félagi einstæðra foreldra, dómstóla vera að drukkna í forsjármálum milli foreldra. „Við höfum bent á að það þurfi að efla svokallaða sáttamiðlun og erum að fara af stað með það verkefni,“ segir Dagný Rut. „Með því gæti verið unnt að draga úr álagi á dómskerfið, málum sem margir hverjir vilja leysa utan dómstólanna með örlítilli aðstoð.“

> **Við skulum ekki gleyma að hagsmunir barnsins eiga að vera í fyrirrúmi en ekki réttur feðra eða mæðra. Þetta á að vera spurning um hvar barninu líður best.**
>
> Kristín Ástgeirsdóttir jafnréttisstýra



Fram kemur í gögnum Innheimtustofnunar sveitarfélaga, sem sér um innheimtu meðlagskrafna, að yngsti meðlagsskyldi einstaklingurinn er 17 ára barn. Sá elsti sem greiðir meðlag í dag er hins vegar níræður, fæddur árið 1926. Að sögn Braga Axelssonar, lögfræðings Innheimtustofnunar, eru börn ekki rukkuð um meðlag fyrr en þau ná 18 ára aldri og fá þau aðstoð og ráðleggingar með forráðamönnum um hvernig sé best að haga málum.

Kristín segir þessa sterku stöðu konunnar í tölunum kannski ekki endurspegla allan sannleikann þar sem barn getur enn ekki haft tvö lögheimili. Því fari lögheimilið oft til móður.

„Þetta var hugsað sem stuðningur við fátækar mæður í upphafi. Fram til ársins 1920 var það þannig að ef feður viðurkenndu óskilgetið barn öðluðust þeir allan rétt án þess að móðirin hefði nokkuð um það að segja. Þessi sterka staðar móður kostaði því mikla baráttu,“ segir Kristín. „Við skulum ekki gleyma að hagsmunir barnsins eiga að vera í fyrirrúmi en ekki réttur feðra eða mæðra. Þetta á að vera spurning um hvar barninu líður best.“

sveinn@frettabladid.is

**11.725** meðlagsskyldir einstaklingar 1. janúar 2016.

**17** ára. Yngsti meðlagsskyldi einstaklingurinn.

**90** ára. Elsti meðlagsskyldi einstaklingurinn.




# Ferðaþjónustusýning Mercedes-Benz.

**Komdu á sýningu hjá Mercedes-Benz atvinnubílum, Fosshálsi 1, laugardaginn 8. október frá kl. 12-16.** Við bjóðum þér að skoða bíla fyrir allar tegundir ferðaþjónustu; sérútbúna, upphækkaða, stórar rútur, lúxusbíla og margt fleira. Sérfræðingar frá Arctic Trucks og EvoBus veita ráðgjöf á staðnum.

Komdu og kynntu þér úrvalið. Við hlökkum til að sjá þig.

Mercedes-Benz
Vans. Born to run.

ASKJA ATVINNUBÍLAR · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 590 2120 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur okkur á Facebook
„Mercedes-Benz Ísland atvinnubílar"



**Undirritun viljayfirlýsingar um miðstöð fyrir þolendur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Samhæfð hjálp fyrir þolendur

**SAMFÉLAG** Þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis verður opnuð við Bústaðaveg í Reykjavík á næstunni. Á miðvikudag skrifuðu níu samstarfsaðilar um verkefnið undir viljayfirlýsingu þess efnis.

Markmið miðstöðvarinnar er að veita þolendum ofbeldis samhæfða þjónustu og ráðgjöf, viðtöl við félagsráðgjafa og lögreglu ásamt viðtölum við grasrótarsamtök á borð við Stígamót og Drekaslóð, þeim að kostnaðarlausu. – snæ

## Ræða samning sem var felldur

**KJARAMÁL** „Við erum að fara yfir hvernig þetta leit út þegar við kusum um síðasta samning. Hvað var verið að fella, hvað var gott, hvað er vont og hvað má bæta. Við erum að taka púlsinn á fólkinu okkar,“ segir Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara.

Ólafur ferðast nú um landið og fundar með kennurum sem felldu nýjan samning í september. – þea

# Kvíðnar vegna samfélagsmiðla

Augljós tengsl eru á milli lítils svefns og mikillar notkunar á samfélagsmiðlum og kvíða og þunglyndis hjá stúlkum í 8.-10. bekk. Stúlkum sem eru meira en sex tíma á dag á samfélagsmiðlum fjölgar.

**SAMFÉLAG** Stúlkum með meðaltalseinkenni kvíða hefur fjölgað undanfarin ár. Fjölgunin tók mikinn kipp 2014. Hið sama má segja um einkenni þunglyndis, að sögn Ingibjargar Evu Þórisdóttur, doktorsnema í sálfræði.

„Við erum við að sjá mikla aukningu í þessum flokkum 2014 og 2016,“ segir Ingibjörg.

Niðurstöður nýrrar skýrslu Rannsókna og greiningar um lýðheilsu ungs fólks á landinu, leiðir í ljós vaxandi einkenni kvíða og þunglyndis meðal stelpna á landinu öllu í 8.-10. bekk. Tengsl eru á milli mikils kvíða og þunglyndis og mikillar notkunar á samskiptamiðlum.

Ingibjörg starfar fyrir Rannsóknir og greiningu og hefur skoðað niðurstöður kannana á kvíða og þunglyndi hjá börnum og unglingum frá árinu 1996 til 2016. Hún segir að lítill svefn og mikill tími á samfélagsmiðlum ýti undir þessi einkenni.

Í rannsókninni kom í ljós að svefn nemenda er of lítill en um 30 til 40 prósent nemenda sofa í um sjö klukkustundir eða minna á sólarhring, misjafnt eftir árgöngum. Dæmi eru um stelpur sem sofa með símann við hlið sér og vakna við hverja tilkynningu á Facebook.

Ingibjörg segir hópinn sem sé sex klukkustundir eða lengur á samfélagsmiðlum vera að stækka. „Þegar svefn og samfélagsmiðlar eru skoðaðir saman sést að mest einkenni kvíða og þunglyndis eru hjá þeim hópi. Og þetta er miklu meira hjá stelpum en hjá strákum,“ segir hún.

Ingibjörg ítrekar að enn líði meirihlutanum vel, 63,1 prósent stúlkna taldi andlega heilsu sína góða eða mjög góða, en þó færri en 2014.

Ingibjörg segir ekki hægt að segja að samfélagsmiðlar séu ástæðan fyrir auknu þunglyndi þótt tengsl séu fyrir hendi. Annað geti skýrt samhengið.

„Það má til dæmis velta því upp að þeir sem eru með meiri einkenni þunglyndis leita meira á samfélagsmiðla. Það sem við sjáum þó er að það eru meiri einkenni þunglyndis og kvíða hjá þeim sem eru mikið á samfélagsmiðlum,“ segir Ingibjörg Eva Þórisdóttir.

benediktboas@frettabladid.is




Stelpur sem búa við erfiða fjárhagsstöðu eru í mestri hættu á að þjást af kvíða.

### Leiðbeiningar frá borginni og landlækni



Á Lýðheilsuráðstefnu Reykjavíkurborgar og Landlæknisembættisins á þriðjudag verður rætt um kvíðarannsóknina og tölur sýndar.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir niðurstöðurnar áhugaverðar.

„Þessi mál þarf að taka föstum tökum. Af einhverjum ástæðum er kvíði að aukast hjá unglingum, sérstaklega stúlkum. Til dæmis finnst mér þurfa að ræða hvort borgin og landlæknir eigi að gefa út leiðbeiningar til foreldra um svefn, snjalltæki og samfélagsmiðla. Við gerðum þetta með útivistartíma og samverustundir fjölskyldna fyrir tveimur áratugum. Er nú tími kominn á þetta? Það verður fjallað um þetta á þessari ráðstefnu,“ segir borgarstjóri.

www.n1.is facebook.com/enneinn




OSRAM perur



Vertu með öll ljós kveikt í umferðinni.

Verð frá 330 kr.

Rúðusköfur



Skilvirkasta tækið á snjóþungum degi.

Verð frá 595 kr.

Rúðuvökvi




Rúðuvökvi 2,5 lítrar með allt að -18°C frostvörn.

795 kr.

Tjöruhreinsir



Hreinsar tjöru og önnur óhreinindi af bílnum.

999 kr.

N1 þjónustustöðvar og verslanir um land allt.

Hluti af vetrinum N1




Þú þarft ekki lengur að pakka tösku í tösku þegar þú ferðast með okkur til Minneapolis / Saint Paul. Ef þú bókar pakkaferð með Icelandair bíður þín falleg og rúmgóð ferðataska í Mall of America* og hún er hlaðin tilboðum frá Mall of America og helstu verslunum borgarinnar.

explore minnesota · Enjoy Eagan Minnesota · Mall of America · Visit Saint Paul · Bloomington · Minneapolis City by Nature

* Ferðatímabil: 15. nóvember 2016 til 15. febrúar 2017. Fyrstu 200 sem bóka fá fría tösku.

ICELANDAIR




Barre æfingakerfið er sérstaklega samsett styrktar- og teygjuæfingakerfi sem mótar fallega vöðva og grennir allan líkamann.

Unnið mest með eigin líkamsþyngd bæði á gólfi og við stöng. Vöðvarnir eru þjálfaðir að þreytumarki eftir ákveðnu kerfi ofhleðslu og teygjuæfinga. Stífar æfingar fyrir rass, kvið og læri skila þeim grönnum, stinnum og stæltum.
Nánari upplýsingar og skráning á www.hreyfing.is

HREYFING
Álfheimar 74 - 104 Reykjavík - S: 414-4000 - www.hreyfing.is


**Frá yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis**

**ALÞINGISKOSNINGAR 29. október 2016**

**Auglýsing um viðtöku framboða og fleira**

Framboðsfrestur til alþingskosninga, sem fram eiga að fara þann 29. október 2016, rennur út kl. 12 á hádegi föstudaginn 14. október nk. Framboð í Suðvesturkjördæmi skal tilkynna skriflega til yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis, sem veitir þeim viðtöku í Íþróttahúsinu Kaplakrika í Hafnarfirði, föstudaginn 14. október 2016, kl. 10 til 12 fyrir hádegi.

Á framboðslista skulu vera nöfn 26 frambjóðenda, eða tvöfalt fleiri frambjóðenda en nemur þingsætum í kjördæminu, hvorki fleiri né færri. Tilgreina skal skýrlega nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili.

Framboðslista skal fylgja skriflег yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skriflег yfirlýsing frá kjósendum í Suðvesturkjördæmi um stuðning við listann og fyrir hvaða stjórnmálasamtök listinn er boðinn fram. Tilgreina skal nafn meðmælanda, kennitölu hans og heimili. Fjöldi meðmælenda skal vera 390 hið fæsta og eigi fleiri en 520. Sami kjósandi má ekki mæla með fleiri en einum framboðslista. Komi það fyrir, verður kjósandinn ekki talinn meðmælandi neins þeirra. Loks skal fylgja skriflег tilkynning frá frambjóðendum listans um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans.

Vakin er sérstök athygli á að afhenda skal yfirkjörstjórn frumrit meðmælendalista. Til að flýta fyrir yfirferð og vinnslu er mælst til þess að meðmælendalistar verði skráðir með rafrænum hætti á þar til gerðu vefsvæði á www.Ísland.is áður en þeim er skilað til yfirkjörstjórnar.

Fundur yfirkjörstjórnar til að úrskurða um framboð, þar sem umboðsmönnum framboðslista gefst kostur á að vera viðstaddir, verður haldinn í Íþróttahúsinu Kaplakrika í Hafnarfirði, laugardaginn 15. október 2016, kl. 12 á hádegi.

Meðan kosning fer fram, laugardaginn 29. október 2016, verður aðsetur yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis í Íþróttahúsinu Kaplakrika í Hafnarfirði, þar sem talning atkvæða fer fram að loknum kjörfundi kl. 22. Fyrstu kjörkassar verða opnaðir kl. 18:30 og hefst þá flokkun atkvæða.

*4. október 2016.*
*Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis,*
*Jónas Þór Guðmundsson,*
*Guðrún Sesselja Arnardóttir,*
*Elín Jóhannsdóttir,*
*Ástríður Sólrún Grímsdóttir,*
*Eysteinn Jónsson.*



**Hvíthjálmarnir í Sýrlandi, sjálfboðaliðar sem bjarga fólki á átakasvæðum.** NORDICPHOTOS/AFP

# Leitað að vonarglætu í ófriðvænlegum heimi

**Friðarverðlaun Nóbels verða afhent í dag í 97. sinn. Að þessu sinni hafa 376 tilnefningar borist norsku Nóbelsnefndinni, fleiri en nokkru sinni. Þeirra á meðal er enginn annar en Donald Trump en einnig aðrir sem þykja líklegri.**

**NOREGUR** Norska Nóbelsverðlaunanefndin hefur undanfarið lagt töluverða vinnu í að finna vonarglætu friðar í annars harla ófriðvænlegum heimi. Niðurstaðan verður kynnt í dag klukkan 11 að norskum tíma, en þá verður klukkan níu hér á Íslandi.

Þetta verður í 97. skiptið sem friðarverðlaun Nóbels verða veitt, en að þessu sinni hafa 376 tilnefningar borist nefndinni. Það er meira en nokkru sinni.

Fjölmiðlar og friðarspekúlantar víða um heim hafa að venju spreytt sig á að geta sér til um hverjir helst komi til greina.

Sumir hinna tilnefndu þykja afar ólíklegir, eins og til dæmis bandaríski forsetaframbjóðandinn Donald Trump sem tilnefndur er fyrir „hina öflugu hugmyndafræði sína um að styrkleiki leiði af sér frið“, að því er fullyrt er á fréttavef BBC.

Aðrir þykja koma vel til greina, þar á meðal Frans páfi, afganskar hjólreiðakonur og grískir eyjaskeggjar sem hafa tekið á móti flóttafólki.

Kristian Berg Harpviken, framkvæmdastjóri Friðarrannsóknarstofnunarinnar PRIO í Ósló, hefur langa reynslu af því að giska á það hver helst komi til greina. Hann nefnir hjálparsveitir í Sýrlandi, baráttukonu í Rússlandi, kvensjúkdómalækni í Kenía, uppljóstrarann Edward Snowden og samningamenn frá Íran og Bandaríkjunum.

Allt þangað til um síðustu helgi þóttu reyndar mestar líkur á því að friðarverðlaunin í ár kæmu í hlut Juans Manuals Santos Kólumbíuforseta og Rodrigo Londonos, leiðtoga FARC-skæruliðahreyfingarinnar, sem undirrituðu nýlega friðarsamning sem átti að binda enda á áratuga langan ófrið í landinu. Íbúar felldu hins vegar þetta samkomulag í þjóðaratkvæðagreiðslu um síðustu helgi, þannig að vart kemur lengur til greina að þeir fái verðlaunin þetta árið. **gudsteinn@frettabladid.is**

## Líklegir viðtakendur friðarverðlauna Nóbels í ár

**Aðstoð við flóttafólk í Rússlandi**
Svetlana Gannushkina heitir rússnesk kona sem barist hefur ákaft fyrir réttindum flóttamanna í Rússlandi. Hún hefur talað máli flóttafólks og staðið fyrir því að útvega flóttafólki þar í landi bæði lagalega aðstoð og menntun. Fullvíst þykir að rússnesk stjórnvöld myndu líta á það sem beina ögrun verði hún fyrir valinu þetta árið.

**Kjarnorkusamningur Írans og Bandaríkjanna**
Orkumálaráðherrarnir Ernest Moniz, sem er bandarískur, og Ali Akbar Salehi, sem er íranskur, báru hitann og þungann af samningaviðræðum Írans og Bandaríkjanna um kjarnorkumál. Samningur var gerður í júlí síðastliðnum eftir langar og erfiðar viðræður. Spennan á milli ríkjanna hefur síðan minnkað mjög þótt efasemdaraddir bæði í Bandaríkjunum og Íran vari enn við því að afleiðingarnar geti orðið óþægilegar.

**Hvíthjálmarnir í Sýrlandi**
Hjálparstarfsmenn í Sýrlandi, oftast kenndir við hvítu hjálmana sem þeir bera, hafa unnið hörðum höndum að því að bjarga fólki úr húsarústum í Sýrlandi á helstu átakasvæðunum þar sem loftárásir dynja linnulaust á fólki. Þeir leggja sig í lífshættu á hverjum degi en halda áfram að koma fólki undir læknishendur eða til ástvina sem geta hlaupið undir bagga.

**Fórnarlömbum nauðgana hjálpað**
Kvensjúkdómalæknirinn Denis Mukwege hefur hjálpað þúsundum kvenna í Austur-Kongó, sem hafa orðið fyrir nauðgunum eða mátt þola annað kynferðislegt ofbeldi. Með honum hafa starfað tvær konur, Mama Jeanne og Mama Jeannette, sem hafa leitað uppi og hjálpað þolendum kynferðisofbeldis víða um land. Hann hefur áður verið tilnefndur til Nóbelsverðlauna og hlaut Sakharov-verðlaun Evrópuþingsins fyrir tveimur árum.

# Milljónum manna sagt að forða sér

**BANDARÍKIN** Íbúar á austurströnd Flórída, Georgíu og Suður-Karólínu í Bandaríkjunum voru í gær að búa sig undir hrikalegar hamfarir þegar fellibylurinn Matthías kemur þangað.

Stjórnvöld í þessum þremur ríkjum Bandaríkjanna sögðu meira en tveimur milljónum manna að forða sér frá heimilum sínum.

„Farið burt,“ sagði Derrick Henry, borgarstjóri í Daytona Beach á Flórída. „Ekki hafa áhyggjur af eigum ykkar fyrr en seinna. Hugsið um líf ykkar núna. Þið eigið aðeins eitt líf.“

Rick Scott, ríkisstjóri í Flórída, tók enn dýpra í árinni: „Þetta er alvarlegt,“ sagði hann. „Þessi stormur mun drepa ykkur. Tíminn er að renna út.“




**Í bænum Delray Beach voru þessir menn að byrgja glugga og dyr veitingastaðar sem þeir reka þar.** NORDICPHOTOS/AFP

Víða mátti sjá fólk byrgja glugga og dyr bæði á heimilum og fyrirtækjum. Fjöldi fólks ákvað að fara burt til ættingja eða annað þar sem hægt væri að fá húsaskjól á meðan ósköpin gengju yfir.

Fellibylurinn hefur þegar valdið miklum skaða á Haítí, Kúbu og Bahamaeyjum og var búist við honum að ströndum Flórída seint í gærkvöld eða nótt.

Á Haítí kostaði hann meira en hundrað manns lífið og eyðilagði tugi þúsunda heimila. **– gb**




ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Edge er gríðarlega vel búinn. Til viðbótar við ofantalið er eftirfarandi einnig staðalbúnaður: hraðastillir með hraðatakmarkara, tvöföld tölvustýrð miðstöð, vandað hljómkerfi með 9 hátölurum, nálægðarskynjarar að framan og aftan, starthnappur, sólarvörn í framrúðu og regnskynjari í framrúðu. Ford Edge er fáanlegur í þremur útfærslum: Titanium, Titanium S og Sport. Ford Edge AWD 2,0 TDCi dísil 210 hö. 6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. $CO_2$ losun 149 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is
Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is

# Heilbrigðisþjónustan of dýr fyrir notendur

**Formenn fjögurra flokka sem Fréttablaðið ræddi við eru sammála um að heilbrigðismál verði eitt stærsta kosningamálið. Menntamál, málefni innflytjenda, lífeyrissjóðirnir og samfélagsbankar eru líka ofarlega á baugi.**

Rúmar þrjár vikur eru í að kosið verði til Alþingis. Fréttablaðið ætlar að ræða við formenn framboðanna um áherslumál þeirra í kosningabaráttunni. Byrjað er á formönnum Alþýðufylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Dögunar og VG.

Vinstri græn héldu flokksþing á Akureyri um síðustu helgi þar sem línur voru skerptar. Katrín Jakobsdóttir segir áherslumálin vera nokkur, en nefnir fyrst heilbrigðismálin. Hún bendir á að 86 þúsund Íslendingar hafi skrifað undir áskorun Kára Stefánssonar um að 11 prósentum af vergri landsframleiðslu yrði varið til heilbrigðismála.

„Staðan er sú að útgjöld til heilbrigðismála, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, fór niður á árunum 2014 til 15. Þannig að við erum að horfa á öfuga þróun miðað við þessa miklu kröfu,“ segir Katrín og bendir á að flokkarnir verði að tala skýrt um það hvernig þeir ætli að endurreisa heilbrigðiskerfið. Þá nefnir Katrín líka kjör aldraðra og öryrkja og menntamál. „Þar höfum við séð þróun á þessu kjörtímabili, þar sem er verið að skerða aðgang til dæmis 25 ára og eldri, að framhaldsskólum. Stjórnvöld ætla að ná fram auknum framlögum á nemanda í framhaldsskólum og háskólum – ekki með því að auka framlög heldur með því að fækka nemendum,“ segir Katrín. Það sé umhugsunarefni að horfa fram á slíka skerðingu á menntakerfinu til lengri tíma.

Helga Þórðardóttir, formaður Dögunar, segir flokkinn tala fyrir kerfisbreytingum og vilji berjast gegn fátækt. „Við sættum okkur ekki við fátækt í svona ríku landi eins og Íslandi,“ segir Helga. Því sé það stefna flokksins að engin laun eða bætur séu undir 300 þúsund krónum. Hún vill stofna samfélagsbanka og afnema verðtryggingu af neytendalánum. „Við viljum auka valkosti á húsnæðismarkaði og þar viljum við leggja áherslu á langtímaleigurréttarfélög eins og eru í Þýskalandi og á Norðurlöndunum,“ segir Helga.

Þorvaldur Þorvaldsson, formaður Alþýðufylkingarinnar, tekur undir stefnumál VG og Dögunar en leggur líka áherslu á breytingar á lífeyrissjóðakerfinu. „Það hleður bara upp fjármagni á tímum offramleiðslukreppu. Það er búið að vera offramleiðslukreppa á heimsvísu í þrjá til fjóra áratugi,“ segir Þorvaldur og segir lífeyrissjóðina ekki geta fjárfest til langs tíma nema með tapi. „Lífeyrissjóðirnir ásamt ríkissjóði, smærri fjárfestum og fleirum eru notaðir til að taka á sig töpin í kreppuhrunum eins og var hér fyrir nokkrum árum,“ segir Þorvaldur. Hann segist vilja félagsvæða fjármálakerfið þannig að það sé ekki rekið í hagnaðarskyni, heldur snúist það fyrst og fremst um þjónustu við almenning og fyrirtæki. Allir bankar sem reknir eru séu samfélagsbankar.

Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar, tekur undir að átak í heilbrigðiskerfinu sé nauðsynlegt. „En ég vil meina að það sem við leggjum mesta áherslu á er almennar umbætur í samfélaginu. Að aðgengi almennings að samfélaginu sé tryggt. Það á við um nýtingu sameiginlegra auðlinda sem í dag er úthlutað til ákveðinna aðila en almenningur nýtur ekki nógu mikið góðs af.“

Óttarr segir líka að það þurfi að huga betur að jöfnu aðgengi að stofnunum og kerfum samfélagsins. „Við sjáum aðgangsstýringar að heilbrigðiskerfi og menntakerfi sem er að aukast og það er hættuleg þróun sem þarf að snúa við,“ segir Óttarr. Það sé líka mikilvægt að gert sé betur í að hjálpa innflytjendum, sem eru um níu prósent landsmanna, að aðlagast samfélaginu þannig að þeir verði virkir þátttakendur. Og það þurfi að taka betur að móti börnum af erlendum uppruna í skólakerfinu.

„Þarna eru kerfisbreytingar sem þarf að gera. Ekki endilega þannig að það þurfi að setja allt á hvolf, heldur hreinlega að við þurfum að hafa það í huga og setja á okkur jafnréttisgleraugun þegar að þessu kemur,“ segir Óttar.

Það er dýrt fyrir ríkissjóð að draga úr kostnaðarþátttöku notenda heilbrigðisþjónustunnar. Því er eðlilegt að spyrja hversu langt sé hægt að ganga í því á næsta kjörtímabili.

Katrín vill setja niður sex ára áætlun í heilbrigðismálum sem miði að því að færa framlög ríkisins upp í ellefu prósent af landsframleiðslu. „Við viljum lyfta gjaldtöku af sjúklingum í áföngum, byrja á heilsugæslu og göngudeildum sjúkrahúsanna þar sem er verið að taka há gjöld,“ segir Katrín. Þessi skref verði stigin í áföngum og börn, aldraðir og öryrkjar settir í forgang. Katrín segir kostnaðarþátttöku sjúklinga vera of mikla og hún hafi verið á hægri leið upp. „Það voru stigin ákveðin skref í að setja þak síðastliðið vor en það er því miður enn þá of hátt. Það eru of margir að neita sér um eðlilega heilbrigðisþjónustu og að geta sótt sér nauðsynleg lyf,“ segir Katrín. Hugmyndin um gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu sé alls ekki óraunhæf og í Færeyjum sé þjónustan gjaldfrjáls. Þá skipti líka máli að taka hluti eins og tannlækningar, sálfræðiþjónustu og annað slíkt inn í greiðsluþátttökukerfið. Katrín leggur áherslu á að þetta verði gert í áföngum því það þurfi líka að styrkja rekstur stofnana á heilbrigðissviði. „Þar nefni ég sérstaklega sjúkrahúsin, heilbrigðisstofnanirnar úti um land allt og heilsugæsluna. Þessa grunnþætti heilbrigðisþjónustunnar.“

Helga tekur undir orð Katrínar. „Þetta er fáránlegt í svona ríku landi, þar sem við erum með svona mikla þjóðarframleiðslu, að við séum að láta fólk borga fyrir heilbrigðisþjónustu.“

Katrín, Þorvaldur og Helga eru öll sammála um að sem stærstur hluti af heilbrigðiskerfinu sé rekinn af hinu opinbera og að það sé ekki rekið með arðsemi að leiðarljósi. Og Þorvaldur vill vinda ofan af þeim einkarekstri sem nú þegar er. Aftur á móti hafa heilsugæslulæknar sjálfir farið fram á að reka eigin heilsugæslustöðvar og nýlega samdi heilbrigðisráðuneytið um rekstur tveggja nýrra stöðva.

„Ef fólk er í dýru námi og tekur dýr námslán þá vill það fá hagnað til baka eða fá eitthvað fyrir sinn snúð. Ég held að hluti af þessu eigi að vera það að samfélagið eigi að styðja við nám fólks og krefjast þess til baka að það sýni samfélaginu hollustu með því að vinna og fá ágætis laun án þess að taka hagnað út úr kerfinu,“ segir Þorvaldur.

Óttarr Proppé tekur undir það að ekki eigi að reka heilbrigðiskerfi fyrir gróða, en segir Bjarta framtíð tala fyrir fjölbreytni í heilbrigðisþjónustunni. Þar með séu fjölbreytt rekstrarform.

Hann bendir á að margir sérfræðilæknar hafi hingað til verið sjálfstætt starfandi og hér hafi verið starfandi sjálfseignarstofnanir, til dæmis hjúkrunarheimili. „Og við höfum að mörgu leyti góða reynslu af þessu. Í jafn litlu landi og hér er skiptir miklu máli að hafa fjölbreytni að einhverju leyti í þjónustunni en líka hreinlega til þess að við höfum samanburð til þess að byggja upp og gera betur.“

Óttarr segist líka vilja byggja upp fjölbreytni í heilsugæslunni þannig að fyrsta snerting notenda hennar sé ekki endilega við lækni heldur geti hún verið við hjúkrunarfræðing, næringarfræðing, sálfræðing eða aðra sérfræðinga. Óttar tekur undir þær áhyggjur af kostnaðarþátttaka sjúklinga sé farin að hafa áhrif á aðgang fólks að heilbrigðisþjónustunni. Hann bendir á skýrslu ASÍ sem hafi sýnt fram á að kostnaðarþátttaka sjúklinga sé komin í 17-18 prósent en hún hafi verið á bilinu 6-7 prósent fyrir tuttugu árum. Það þurfi því að móta áætlun til framtíðar um það hvernig eigi að ná kostnaðarþátttöku sjúklinga niður.

„Ég gæti auðvitað setið hér og lofað því að eftir kosningar, þegar ég er kominn með hreinan meirihluta þá muni ég auðvitað gera þetta allt saman ókeypis. En því miður höfum við ekki mjög góða reynslu af kosningaloforðum. Við þurfum að lofa að vinna að því að koma hlutunum í rétta átt. Ég held að það sé aðalatriðið,“ segir Óttarr.

**visir.is** Lengri útgáfa af greininni er á Vísi.

> **Við sættum okkur ekki við fátækt í svona ríku landi eins og Íslandi og þess vegna segjum við að engin laun eða bætur eigi að vera undir 300 þúsund krónum.**
>
> Helga Þórðardóttir, formaður Dögunar

> **Síðan er það þannig, eins og við höfum upplifað, að lífeyrissjóðirnir, ásamt ríkissjóði, smærri fjárfestum og fleirum, eru notaðir til að taka á sig töpin í kreppuhrunum eins og var hér fyrir nokkrum árum.**
>
> Þorvaldur Þorvaldsson, formaður Alþýðufylkingarinnar

> **Stjórnvöld ætla að ná fram auknum framlögum á nemanda í framhaldsskólum og háskólum – ekki með því að auka framlög heldur með því að fækka nemendum.**
>
> Katrín Jakobsdóttir, formaður VG

> **Ég gæti auðvitað setið hér og lofað því að eftir kosningar, þegar ég er kominn með hreinan meirihluta þá muni ég auðvitað gera þetta allt saman ókeypis. En því miður höfum við ekki mjög góða reynslu af kosningaloforðum.**
>
> Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar




BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
POLO
RALPH LAUREN
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI
collezione
bugatti
Stenströms
BELLINI
collezione
LLOYD
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)
Herra lagerinn outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun af merkjavöru!
40 til 70%
afsláttur af öllum vörum


FEBRÚAR 2017
KEFLAV
ALLAN ÁR
BÓKANLEGT NÚNA
Á FLUGFELAG.IS
AIR ICELAND
FLUGFÉLAG ÍSLANDS


ÍK ✈ AKUREYRI
SINS HRING
Í tengslum við millilandaflug verður flogið sex sinnum í viku yfir vetrartímann og þrisvar í viku yfir sumartímann milli Keflavíkur og Akureyrar.
Fyrsta flugið verður þann 24. febrúar 2017.
Allar nánari upplýsingar á **flugfelag.is**
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
ISLENSKA/SIA.IS FLU 81548 10/16

# Menntun í aska framtíðarinnar



Hafliði Helgason
haflidi@frettabladid.is

Menntunarstig þjóða ræður miklu um hagsæld þeirra. Hvert sem litið er má sjá að þeim þjóðum vegnar best til lengri tíma þar sem lögð er rækt við þekkingu og menntun.

Íslendingar eru þar engin undantekning. Ekki er liðin nema öld frá því að Ísland var í hópi fátækustu þjóða heims. Hraðferð þjóðarinnar upp lista þjóða sem best hafa það í heiminum grundvallaðist meðal annars á háu hlutfalli læsra og að aldamótakynslóðin notaði aukna velsæld til að koma börnum sínum til mennta.

Í auglýsingu sem birtist hér í blaðinu í gær lýsa rektorar háskóla landsins þungum áhyggjum af málefnum háskólanna í ljósi fjármálaáætlunar ríkisins til ársins 2021. Í áætlun ríkisins er gert ráð fyrir vaxandi fjárfestingu í innviðum, en háskólarnir eru skildir eftir.

Taka má undir þessar áhyggjur. Fáar innviðafjárfestingar gefa betri arð en efling háskóla og rannsókna. Við erum nú þegar eftirbátar nágrannaþjóða í þessum efnum. Háskóli Íslands hefur færst ofar á lista vegna aukinna birtinga vísindagreina, en þann árangur má að miklu leyti þakka samstarfi skólans við þekkingarfyrirtækið Íslenska erfðagreiningu.

Rannsóknir og þekkingaröflun skilar sér á mislöngum tíma inn í verðmætasköpun samfélagsins. Vaxandi skilningur á þessari staðreynd er milli atvinnulífsins og háskólasamfélagsins. Tækifæri á grunni mannauðs og þekkingar eru óþrjótandi ef rétt er á málum haldið.

Í raun ætti allt okkar umhverfi að stuðla að því að efla þekkingu og færni og skapa grundvöll fyrir slíka verðmætasköpun. Það ætti að vera keppikefli okkar að skapa umhverfi sem örvar og laðar að ólíka þekkingu með skynsamlegri menntastefnu, skattaumhverfi og stjórnfestu og eflir frumkvæði og dug.

Iðnbyltingin breytti atvinnuháttum og einföld og slítandi störf voru leyst af hólmi af vélum. Lífskjör breyttust hratt í kjölfarið. Í dag erum við í miðju annarrar byltingar sem grundvallast á tölvutækni, gervigreind og vélmennavæðingu. Örlög stétta eins og bílstjóra kunna að verða svipuð og blýsetjara í prentverki áður en langt um líður.

Hlutfall starfa sem krefjast skapandi hugsunar, innsæis og mikillar þekkingar mun hækka verulega í kjölfar þeirrar þróunar. Menntun og ekki síst æðri menntun mun því líklega skipta enn meira máli til framtíðar en hingað til.

Hvert ár sem við sóum með því að hlúa ekki að háskóla- og vísindasamfélaginu getur því reynst okkur dýrt, enda þótt reikningurinn fyrir vanrækusluna verði ekki sendur á stjórnmálamenn samtíðarinnar.

Dægurþras stundarinnar vegur oftast þyngra í stjórnmálabaráttunni en skýr og samkvæm framtíðarsýn. Þar liggur kannski hundurinn grafinn.

**Hlutfall starfa sem krefjast skapandi hugsunar, innsæis og mikillar þekkingar mun hækka verulega í kjölfar þeirrar þróunar. Menntun og ekki síst æðri menntun mun því líklega skipta enn meira máli til framtíðar en hingað til.**

Kauphlaup Smáralindar: Fjöldi tilboða á flottum græjum



Wonlex snjallúr fyrir börn
7.992 kr.
staðgreitt
Almennt verð 9.990 kr.

5 GB á mán. í 6 mán.
20% afsláttur

Vodafone Turbo 7
15.992 kr.
staðgreitt
Almennt verð 19.990 kr.

Vodafone Ultra 7
39.992 kr.
staðgreitt
Almennt verð 49.990 kr.

Vodafone
Við tengjum þig

## Halldór




## Frá degi til dags

**Upplýsingin**

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi ráðherra menntamála, sagðist í viðtali við Stundina vera á þeirri skoðun að banna ætti búrkur á Íslandi í nafni kvenfrelsis. Orð hennar og skoðanir á þessu máli hafa farið hressilega þversum ofan í marga sem ásaka hana um fordóma. Hið rétta er að ekki nokkur einasta kona á Íslandi í dag gengur um í búrku svo þetta bann er eiginlega óttalega gagnslaust. Langmest notaða höfuðfat múslimskra kvenna hér á landi er svokallað hijab en ekki neitt annað. Þorgerður Katrín minnist hins vegar ekkert á höfuðbúnað trúsystra sinna í Karmelklaustri, svona í nafni kvenfrelsis.**

**LÍN sofnar í nefnd**

**Svo virðist sem sátt sé að nást á hinu háa Alþingi okkar Íslendinga um starfslok á lengsta þingi í sögu Alþingis. Heyrst hefur á göngum þingsins að forystumenn stjórnarflokkanna hafi náð samkomulagi um framgangsmál. Athyglisvert er að nokkur mál sem eru Sjálfstæðisflokknum hjartans mál (allavega í orði), áfengi í matvöruverslanir og LÍN-frumvarpið, skuli sofna svefninum langa á nefndasviði þingsins. Núverandi menntamálaráðherra hefur lagt allt kapp á að ná því máli í gegn og kostað miklu til. Ætli ráðamenn læri einhvern tíma að stór mál þurfi miklar umræður í þinginu?**

sveinn@frettabladid.is

# Opnun HÖFÐA Friðarseturs



Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri Reykjavíkur



Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Í ár eru þrjátíu ár liðin frá því að kastljós heimsins beindist að leiðtogafundi Reagans og Gorbatsjovs í Höfða. Í hugum margra markaði fundurinn upphafið að endalokum kalda stríðsins og þess valdajafnvægis sem hafði sett svip sinn á heiminn um 40 ára skeið.

Í dag blasir við breytt landslag. Leiðtogar stórvelda hafa heiminn ekki í höndum sér á sama hátt og þá. Borgir hafa í auknum mæli áhrif á alþjóðavettvangi og vald einstaklingsins hefur aukist, ekki síst með tilkomu samfélagsmiðla. Þessar breytingar í samfélagi nútímans kalla á eflingu rannsókna og fræðslu og þar hefur háskólasamfélagið mikilvægu hlutverki að gegna. Samfélag sem hefur frið og öryggi í öndvegi byggir á virkri og upplýstri umræðu, sem mikilvægt er að allir taki þátt í.

Í dag, föstudaginn 7. október, hefst starfsemi HÖFÐA Friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands með opnu málþingi í Hátíðasal Háskóla Íslands. Hlutverk HÖFÐA Friðarseturs er að styrkja Reykjavík sem borg friðar og vettvang ráðgjafar um hvernig borgin geti unnið að friðarmálum hér heima og að heiman. Friðarsetrinu er þannig ætlað að vera vettvangur fyrir það samtal sem við viljum eiga um hlutverk borga, smáríkja og borgara í að stuðla að friði.

Eitt af fyrstu verkefnum setursins verður að halda sumarnámskeið fyrir börn af ólíkum uppruna þar sem börnunum gefst tækifæri til að læra hvert af öðru og móta saman hugmyndir um hvernig hægt sé að byggja upp friðsamlegra og betra samfélag án fordóma og mismununar. Með því að efla færni barna í að greina og leysa úr ágreiningi á friðsamlegan hátt er hægt að vinna markvisst að því langtímamarkmiði að byggja upp friðarmenningu, sem síðar mun skila sér út í samfélagið í heild.

Við bindum miklar vonir við HÖFÐA Friðarsetur og hlökkum til að takast á við þau verkefni sem bíða setursins á fyrstu starfsárum þess. Það skiptir máli að við vinnum öll að friði, ekki bara leiðtogar stórvelda. Málþingið er opið öllum og hefst kl. 13.00.

**Hlutverk HÖFÐA Friðarseturs er að styrkja Reykjavík sem borg friðar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Sara McMahon sara@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Vitsmunaleg heilsurækt

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Um miðjan áttunda áratuginn kom móðurbróðir minn í heimsókn til Vestmannaeyja og var yfir jólin. Þótt hann hafi ekki verið lengi þá varð hann á örskömmum tíma býsna þekktur og umtalaður í bænum vegna háttalags sem þótti býsna furðulegt. Þessi frændi minn var þá námsmaður í Bandaríkjunum og hafði tekið upp ýmsa siði sem enn þóttu framandi hér á landi. Það sem olli helst heilabrotum var sá vani hans að klæða sig upp í íþróttaföt í öllum veðrum og hlaupa svo stefnulaust þvers og kruss um Eyjuna; að því er virtist í algjöru tilgangsleysi.

Eftir að frændi minn var aftur horfinn af eyjunni, fór að bera á því að fólk kæmi að máli við móður mína til þess að spyrja varfærnislega út í þennan furðulega og framandi gest. Hún reyndi afsakandi að útskýra fyrir áhyggjufullum bæjarbúum að það væri allt í lagi með bróður hennar og algjörlega óþarft að hafa áhyggjur af andlegri eða líkamlegri heilsu hans. Það sem fólkið hafði orðið vitni að var hegðun sem væri umliðin með velþóknun vestan hafs í Bandaríkjunum. Þar stundaði ósköp venjulegt fólk á öllum aldri svokallað „trimm“ sér til hressingar og heilsubótar.

### Hraustir líkamar

Fljótlega fór þessi iðja að sækja í sig veðrið og ólíklegasta fólk var farið að trimma, jogga, skokka og jafnvel hlaupa. Nokkrum árum síðar varð til í Vestmannaeyjum allsérstakur klúbbur. Bankastjórinn, útgerðarmaðurinn og presturinn hittust á laugardagsmorgnum og skokkuðu nokkra kílómetra. Hlaupahópurinn gekk undir nafninu „Vorum skuldunautum“ og mætti segja að þar með hafi verið tekin af öll tvímæli um að það væri samfélagslega ásættanlegt að fullvaxnir karlmenn létu sjá sig á hlaupum úti á götum.

Nú til dags þykir það algjörlega sjálfsagt að fólk stundi einhvers konar hreyfingu og fátt fær fleiri læk á Facebook en myndir af rauðþrútnu, sveittu og sigurbrosandi fólki við lok erfiðs hlaups, fjallgöngu eða lóðalyftinga.

### Heilbrigðar sálir

Á allra síðustu árum hefur umfjöllun um andlega heilsu líka komist í tísku. Það að hafa leitað aðstoðar sálfræðinga eða geðlækna felur ekki lengur í sér ósigur fyrir geðrænum kvillum og veikindum—heldur fyrstu skrefin til þess að sigrast á þeim. Það virðist vera minna feimnismál en áður að játa að tilveran sé flókin og stundum erfið. Fólk stundar því kinnroðalaust alls konar jóga, núvitund og hugleiðslu og segir óhikað frá sálarstríði sínu án þess að eiga nokkuð á hættu að vera álitið furðulegt eða fáránlegt.

### Vannærðir heilar

Rétt eins og líkami okkar mótast af því hvernig við nærum hann og hreyfum, og sálin mótast af tilfinningum okkar og hugsunum—þá mótast afstaða okkar til heimsins af því hvaða viðfangsefni og afþreyingu við bjóðum heilanum upp á. Rannsóknir hafa til að mynda sýnt fram á að þegar fólk les vandaðar bókmenntir þá eykst geta þess til að setja sig í spor annarra. Líklegt er að það sama eigi við þegar fólk upplifir listir og menningu þar sem fjallað er um hin fínni blæbrigði tilverunnar. Þetta skiptir ekki svo litlu máli, því sá eiginleiki að setja sig í spor annarra er máttugasta móteitrið gegn fordómum, mannfyrirlitningu og ofbeldi.

**Rétt eins og líkami okkar mótast af því hvernig við nærum hann og hreyfum, og sálin mótast af tilfinningum okkar og hugsunum—þá mótast afstaða okkar til heimsins af því hvaða viðfangsefni og afþreyingu við bjóðum heilanum upp á.**

Velgengni pólitískra dólga á borð við Donald Trump byggist einmitt á algjöru skeytingarleysi um náungann. Í málflutningi hans er ekki að finna agnarögn af samkennd eða skilningi en þeim mun stærri skammta af hræðslu, tortryggni, fordómum, heimtufrekju og yfirgangi. Ef fólk er vannært af vitsmunalegri hollustu á slíkur málflutningur greiðari leið heldur en ella.

### Vitsmunalegt erfiði

Rétt eins og það er erfitt að fara út að hlaupa í staðinn fyrir að sitja heima, erfiðara að útbúa hollan mat heldur en að seðja sig með skyndibita, fyrirhafnarmeira að koma ró á hugann heldur en að leyfa volæði, væli og vonleysi að ná tökum á sér—þá finnst mér að minnsta kosti miklu erfiðara að lesa krefjandi bókmenntir heldur en að leyfa bara Netflix að matreiða ofan í mig hverja amerísku raunveruleikasjónvarpsseríuna á fætur annarri.

Og svo virðist sem vitsmunaleg þjálfun sé ekki höfð í miklum hávegum. Jafnvel í umfjöllun um menntakerfið heyrist oft sú skoðun að hlutverk skólagöngunnar sé að undirbúa fólk á sem hagkvæmastan hátt undir þátttöku í atvinnulífinu; en minna er sagt um þá skyldu skólakerfisins að undirbúa manneskjur til þess að taka þátt í samfélaginu og verða að sjálfstætt hugsandi einstaklingum.

Því miður er ekki beinlínis í tísku að hreykja sér sérstaklega af því að leggja á sig erfiði til þess að bæta einhverju nýtilegu við heilabúið. Hversu mörg læk ætli maður fengi fyrir að segjast á Facebook ætla að lesa Glæp og refsingu, eða Útlendinginn? Ég hef á tilfinningunni að sá sem auglýsti slík plön myndi teljast álíka furðulegur eins og frændi minn forðum—og í ofanálag ömurlegt montprik og merkikerti.

Kannski breytist þetta ef stórhættulegum mönnum eins og Donald Trump tekst að plata sig til valda. Þá munum við upplifa afleiðingarnar af því að verða svo vitsmunalega veikluð að sjá ekki fyrir þær þjáningar sem slík dusilmenni geta kallað yfir sínar eigin þjóðir og heiminn allan.

Vonandi kemur ekki til þess að við þurfum að mæta slíkum afleiðingum. Kannski dugir hið háværa viðvörunarhljóð sem nú glymur um víðan heim og eftir nokkur ár þyki það jafnsjálfsagt að fólk hreyki sér opinberlega af því að vera duglegt við að lesa fögur ljóð og berjast í gegnum þykkar bækur, eins og að hamast í líkamsræktinni með lóð og komast í ennþá þrengri brækur.

# Útrýmum kynbundnum launamun





**Þorsteinn Víglundsson**
skipar 1. sæti Viðreisnar í Reykjavík norður

**Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir**
skipar 2. sæti Viðreisnar í Reykjavík norður

Sem þjóð höfum við Íslendingar staðið okkur þokkalega í jafnréttismálum. Undanfarin sjö ár höfum við verið í efsta sæti í árlegri mælingu World Economic Forum er kemur að jafnrétti kynjanna. En slíkar mælingar segja okkur ekkert annað en að við stöndum okkur betur en aðrar þjóðir. Þar með er ekki sagt að við höfum náð markmiðum okkar.

Ef við ætlum að vera í fararbroddi í jafnréttismálum þurfum við að sýna meiri metnað. Eitt stærsta málið þar er kynbundinn launamunur. Þessi launamunur hefur verið þrálátur og árangur okkar á liðnum árum lítill sem enginn. Kynbundinn launamunur mælist enn 10% samkvæmt nýlegri launakönnun VR og hefur lítið breyst frá 2009. Sú staða er einfaldlega óverjandi.

### Ríkið sýni gott fordæmi

Hið opinbera á að gera gangskör að því að útrýma þessu óréttlæti í starfsemi sinni. Innleiða þarf jafnlaunavottun, þ.e. staðfestingu utanaðkomandi aðila á að kynbundinn launamunur sé ekki fyrir hendi, hjá öllum fyrirtækjum og stofnunum ríkisins. Jafnframt verður að tryggja að jafnvægi náist milli kynjanna í öllum stjórnunarstöðum hjá hinu opinbera. Með þessum tveimur aðgerðum tryggjum við að hið opinbera gangi á undan með góðu fordæmi.

**Innleiða þarf jafnlaunavottun, þ.e. staðfestingu utanaðkomandi aðila á að kynbundinn launamunur sé ekki fyrir hendi, hjá öllum fyrirtækjum og stofnunum ríkisins.**

Við þurfum hins vegar að gera enn betur en það. Mótaður hefur verið staðall um jafnlaunavottun, sem ætlað er að gera fyrirtækjum kleift að útrýma kynbundnum launamun og fá staðfestingu á því með sérstakri vottun. Hér erum við í fararbroddi á alþjóðavísu. Við eigum að ganga skrefinu lengra og gera fyrirtækjum með 20 starfsmenn eða fleiri skylt að fá og viðhalda vottun samkvæmt þessum staðli. Með sama hætti og fyrirtækjum er skylt að láta endurskoða ársreikninga sína væri þeim skylt að láta votta launakerfi sín til staðfestingar á því að kynbundinn launamunur sé ekki fyrir hendi. Reynsla okkar af lögum um kynjahlutföll í stjórnum fyrirtækja sýnir að með þessum hætti getum við náð árangri.

Umræðan um jafnréttismál snýst ekki bara um mannréttindi. Hún snýst jafnframt um almenna heilbrigða skynsemi. Með því að tryggja jafnrétti á vinnumarkaði fá kraftar okkar allra notið sín, óháð kyni eða öðrum þáttum sem aðgreina okkur. Jafnrétt á vinnumarkaði leiðir því til fjölbreyttara og öflugra efnahagslífs.






**Alfreð Finnbogason fagnar hér umdeildu sigurmarki sínu á móti Finnum á Laugardalsvellinum í gærkvöldi en við hlið hans er liðsfélagi hans, Ragnar Sigurðsson, sem gerði einnig tilkall til sigurmarksins. Alfreð fylgdi á eftir og er nú kominn með þrjú mörk í tveimur fyrstu leikjum Íslands í undankeppni HM 2018.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Veislunni bjargað á ögurstundu

Íslenska landsliðið í fótbolta vann mikilvægan heimasigur á Finnlandi, 3-2, á Laugardalsvellinum í gærkvöldi eftir að lenda tvisvar undir. Strákarnir okkar sýndu að þeir geta unnið leiki á ýmsa vegu.

Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is



**FÓTBOLTI** Íslenska þjóðin er orðin svo góðu vön frá strákunum okkar í fótboltalandsliðinu að 10.000 áhorfendur á Laugardalsvelli skildu í raun ekki hvað var í gangi þegar 89 mínútur voru komnar á leikklukkuna og Ísland var að tapa, 2-1, fyrir Finnlandi eftir að lenda tvívegis undir.

Íslenska liðið hefur verið svo öflugt undanfarin ár, sérstaklega á heimavelli, að kröfurnar eru orðnar miklar til liðsins. Þó ekkert meiri en strákarnir gera til sjálfs sín. Það var ekki margt sem benti til ævintýralegs 3-2 heimasigurs og áframhaldandi fótboltaveislu á Íslandi. Sumir voru meira að segja byrjaðir að hleypa úr partíblöðrunum.

Strákarnir okkar fengu að bragða á sínu eigin meðali í gær. Þeir voru miklu stærra liðið sem átti að halda boltanum og vinna leikinn gegn Finnum sem eru nær 100. sæti á heimslistanum en 27. sæti þar sem Ísland situr.

„Þeir eru með sænskan þjálfara [Hans Backe] sem er góðvinur Lars og þekkir okkar styrkleika. Okkur finnst ekkert sérstaklega gaman að spila á móti sjálfum okkur,“ sagði Kári Árnason, miðvörður Íslands, við íþróttadeild eftir leikinn í gærkvöldi. Kári hitti naglann á höfuðið.

Þetta var eins og að horfa á Ísland spila við skuggann af sjálfu sér. Lið undir stjórn taktísks Svía sem er búinn að undirbúa liðið eins á fyrstu mánuðunum í starfi eins og Lars gerði með Ísland. Finnar þekktu sínar sterku hliðar, vörðust vel og nýttu einu tvö færin sem liðið fékk. Hljómar þetta ekki kunnuglega?

Í gær þurftu strákarnir okkar að spila eins og stórir strákar og það tókst misvel. Liðið skapaði ekki mikið af færum en það sem skapaðist vildi bara ekki detta. Það er fokið í flest skjól þegar Gylfi Þór Sigurðsson er byrjaður að brenna af vítaspyrnum. Samt besti maður vallarins svo það komi fram.

Margsinnis hefur íslenska liðið verið í stöðu Finnlands; með betra fótboltalið að hamra á sér á síðustu mínútunum. Munurinn er þó sá að Ísland nær alltaf úrslitum. Það gerðu okkar menn í gær.

Þeir hafa unnið sigra með varnarleik, taktík og stundum pakkað liðum saman með flottri spilamennsku og skynsemi. En í gær var komið að því að sýna nýja hlið: Vinna leik á síðustu andartökunum; sýna kraft, vilja og gæði til að skora ekki bara eitt heldur tvö mörk í uppbótartíma. Karakter er einfalda orðið til að nota yfir svona endurkomu en þetta voru gæði í bland við óbilandi sigurvilja.

Spilamennskan var ekki fullkomin en þrjú mikilvæg stig í sarpinn. Það er styrkleikamerki góðra liða og veislan heldur áfram.

**ÍSL 3–2 FIN**

**0-1** Teemu Pukki (20.), **1-1** Kári Árnason (37.), **1-2** Robin Lod (39.), **2-2** Alfreð Finnbogason (90.), **3-2** Alfreð Finnbogason (90.+4),

**Skot** (á mark): 18 (12) – 4 (3)
**Horn**: 6 – 0 **Rangstöður**: 5 – 2

**Frammistaða íslands (4-4-2)**

| | |
|---|---|
| Ögmundur Kristinsson | 5 |
| Birkir Már Sævarsson | 4 |
| (89. Theodór Elmar Bjarnason | -) |
| Kári Árnason | 7 |
| Ragnar Sigurðsson | 6 |
| Ari Freyr Skúlason | 5 |
| Birkir Bjarnason | 5 |
| *** Gylfi Þór Sigurðsson** | 7 |
| Aron Einar Gunnarsson | 7 |
| Jóhann Berg Guðmundsson | 6 |
| Björn Bergmann Sigurðarson | 4 |
| (75. Viðar Örn Kjartansson | -) |
| Alfreð Finnbogason | 6 |

**Maður leiksins**



Gylfi var besti maður vallarins eins og svo oft áður. Aðeins of margar hælspyrnur í fyrri hálfleik en gæðin óumdeild. Vítaspyrna í slá og skot í stöng. Menn verða ekki öllu óheppnari en það. Lagði upp seinna jöfnunarmarkið með frábærri sendingu.

**visir.is Umsögn um alla leikmenn, umfjöllun og viðtöl má finna á íþróttavef Vísis.**

## Kári eftir leik



„Ég held að þeir hafi átt tvö skot á markið í leiknum. Það var ekkert þannig að varnarleiknum. Auðvitað gátum við komið í veg fyrir þessi mörk, sérstaklega fyrra markið. Seinna markið var óheppni,“ sagði Kári Árnason eftir leikinn. „Þeir eru með sænskan þjálfara [Hans Backe] sem er góðvinur Lars og þekkir okkar styrkleika. Okkur finnst ekkert sérstaklega gaman að spila á móti sjálfum okkur,“ sagði miðvörðurinn öflugi.

## Alfreð eftir leik



„Ég er ekki enn þá búinn að ná mér. Við tókum nokkrar sendingar inn í teiginn og vonuðum það besta,“ sagði Alfreð Finnbogason sem skoraði tvö mörk í blálokin. Seinna markið var afar umdeilt. „Þetta var bara eitthvað rugl sem var í gangi. Ég veit ekki hvernig síðasta markið fór inn, en dómarinn dæmdi hann inni. Við tökum sigrinum fagnandi og förum að einbeita okkar að leiknum á sunnudaginn. Þetta var ótrúlegt.”

## Nýjast

**Undankeppni HM 2018: I-riðill**

**Ísland - Finnland 3-2**

**Tyrkland - Úkraína 2-2**
0-1 Andriy Yarmolenko (24.), 0-2 Artem Kravets (27.), 1-2 Ozan Tufan (45.), 2-2 Hakan Çalhanoglu (81.).

**Kósóvó - Króatía 0-6**
0-1 Mario Mandzukic (6.), 0-2 Mandzukic (24.), 0-3 Mandzukic (35.), 0-4 Matej Mitrovic (68.), 0-5 Perisic (85.), 0-6 Kalinic (90.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Króatía | 4 | Úkraína | 2 |
| Ísland | 4 | Finnland | 1 |
| Tyrkland | 2 | Kósovó | 1 |

**Undankeppni HM 2018: D-riðill**

**Austurríki - Wales 2-2**
0-1 Joe Allen (22.), 1-1 Marko Arnautovic (28.), 1-2 Sjálfsmark (45.), 2-2 Marko Arnautovic (48.).

**Írland - Georgía 1-0**
1-0 Séamus Coleman (56.)

**Moldóva - Serbía 0-3**
0-1 Filip Kostic (20.), 0-2 Branislav Ivanovic (37.), 0-3 Dusan Tadic (59.).

**Stigin:** Albanía 6, Spánn 4, Ítalía 4, Ísrael 3, Makedónía 0, Liechtenstein 0.

**Undankeppni HM 2018: G-riðill**

**Ítalía - Spánn 1-1**
0-1 Vitolo (55.), 1-1 De Rossi, víti (82.)

**Makedónía - Ísrael 1-2**

**Liechtenstein - Albanía 0-2**

**Stigin:** Wales 4, Serbía 4, Austurríki 4, Írland 4, Georgía 0, Moldóva 0.

**Domino's-deild karla**

**Grindavík - Þór Þ. 73-71**
**Stigahæstir:** Lewis Clinch Jr. 37, Ólafur Ólafsson 15/6 fráköst/6 stolnir, Þorsteinn Finnbogason 9/9 fráköst, Ómar Örn Sævarsson 5 - Tobin Carberry 23/7 fráköst, Maciej Stanislav Baginski 14, Ragnar Örn Bragason 13, Emil Karel Einarsson 8.

**ÍR - Snæfell 96-65**
**Stigahæstir:** Matthew Hunter 30/8 fráköst/6 stoðsendingar, Matthías Orri Sigurðarson 14, Kristinn Marinósson 13, Vilhjálmur Theodór Jónsson 9, Hákon Örn Hjálmarsson 8, Hjalti Friðriksson 8/7 fráköst - Sefton Barrett 27/14 fráköst, Viktor Marínó Alexandersson 14.

**Olís-deild karla**

**Grótta - ÍBV 18-26**
**Markahæstir:** Finnur Ingi Stefánsson 5, Júlíus Þórir Stefánsson 4, Þráinn Orri Jónsson 3, Aron Dagur Pálsson 2, Leonharð Þorgeir Harðarson 2 - Theodór Sigurbjörnsson 11, Sigurbergur Sveinsson 8, Kári Kristján Kristjánsson 3, Grétar Þór Eyþórsson 2.

**Eyjamenn** unnu þarna sinn þriðja sigur í síðustu fjórum leikjum og fóru með honum á topp Olís-deildar karla í handbolta.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **18.05** | **Njarðvík - Keflavík** | Sport |
| **18.45** | **Holland - H.Rússland** | Sport 3 |
| **18.45** | **Lúxemborg - Svíþjóð** | Sport 2 |
| **18.45** | **Belgía - Bosnía** | Sport 4 |
| **19.50** | **KR - Tindastóll** | Sport |
| **20.45** | **HM Markasyrpa** | Sport 2 |
| **21.00** | **Körfuboltakvöld** | Sport |
| **18.00** | **Þór Ak. - Stjarnan** | Höllin Ak. |
| **18.15** | **Njarðvík - Keflavík** | Njarðvík |
| **20.00** | **Haukar-Skallagr.** | Ásvellir |
| **20.05** | **KR - Tindastóll** | KR-hús |

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ 7. OKTÓBER 2016 FÖSTUDAGUR

Lífsstíll



# FYRST MEÐ FRÉTTIRNAR

**Sigrún Helga Lund** var fyrsti tölfræðingurinn sem lauk doktorsprófi frá Háskóla Íslands. Hún á jafnframt tvo Evrópumeistaratitla í uppgjafarglímu. Sigrún vinnur að fjölmörgum rannsóknum sem tengjast læknavísindum og lýðheilsu. Hún segir umsvif rannsókna á þeim sviðum meiri en margir geri sér grein fyrir og að Íslendingar búi vel að góðum heilbrigðisgagnagrunnum.

MYND/EYÞÓR ÁRNASON

VETRARDEKK

Sérblað um vetrardekk kemur út 11. október.

Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími/Tel:
+354 512-5429
jonivar@365.is

Jóhann Waage
Sími/Tel:
+354 512-5439
johannwaage@365.is

Atli Bergmann
Sími/Tel:
+354 512-5457
atlib@365.is

Ólafur H. Hákonarson
Sími/Tel:
+354 512-5433
olafurh@365.is



**Vera Einarsdóttir**
vera@365.is



Sigrún Helga Lund er dósent í tölfræði við Miðstöð í lýðheilsuvísindum sem er rannsóknareining undir læknadeild Háskóla Íslands. Hún vinnur að hinum ýmsu rannsóknum sem tengjast lýðheilsu og læknavísindum og ólíkt því sem einhverjir gætu haldið segir hún starf tölfræðingsins afar spennandi. „Ég er sú sem fæ rannsóknargögnin fyrst í hendur til að vinna úr þeim niðurstöður. Það er svolítið eins og að vera fyrst með fréttirnar.“

Sigrún segir Miðstöð í lýðheilsuvísindum nýlega hafa tekið á móti öndvegisstyrk til að framkvæma stóra rannsókn á því hvernig streita og áföll hafa áhrif á líf fólks. „Eins erum við að fara af stað með blóðskimunarrannsókn þar sem skimað verður fyrir forstigi krabbameinsins mergæxlis. Það er ein viðamesta vísindarannsókn sem ráðist hefur verið í á Íslandi en markmiðið er að kanna mögulegan ávinning þess að skima fyrir þessu tiltekna forstigi. Öllum sem fæddir eru 1975 eða fyrr er boðið að taka þátt og felst þátttakan í því að samþykkja að næst þegar tekið er blóð í einhverjum tilgangi megi nota hluta sýnisins í rannsóknina,“ útskýrir Sigrún.



Sigrún hampaði Evrópumeistaratitli í uppgjafarglímu í annað sinn árið 2015. Hún hampaði sama titli í flokki blábeltinga 2013.

### AUKIN ÁHERSLA Á FYRIRBYGGJANDI VÍSINDI

Hún segir lækna- og lýðheilsuvísindi í sífelldri þróun og að í dag sé meiri áhersla á fyrirbyggjandi vísindi en áður þegar mesta púðrið fór í að finna lækningu og lausnir eftir að vandamálin voru komin fram. „Í gamla daga dó fólk úr pestum og smitsjúkdómum, síðar hjartasjúkdómum og svo krabbameinum. Í dag eru það helst lífsstílssjúkdómar sem herja á okkur og þó hjartasjúkdómar og krabbamein heyri þar undir er líka um að ræða sykursýki, offitu og geðsjúkdóma. Læknavísindin leggja í auknum mæli áherslu á að reyna að koma í veg fyrir að þessir sjúkdómar myndist en flest bendir til að mataræði, hreyfing, andlegir þættir og skimanir skipti þar sköpum.“

Sigrún segir 25 manns greinast með mergæxli á ári en hundrað sinnum fleiri eru með forstigið. „Við munum reyna að komast að því hvað það er sem gerir það að verkum að sumir þróa með sér krabbamein en aðrir ekki og meðal annars hvort lífsstílsþættir komi þar við sögu.“


Sigrún varð Íslandsmeistari í uppgjafarglímu árið 2012. Hér er hún ásamt Sighvati Magnúsi Helgasyni sem varð Íslandsmeistari í karlaflokki.

Sigrún Helga lauk doktorsprófi í tölfræði frá Háskóla Íslands árið 2014, fyrst Íslendinga. Doktorsverkefni hennar ber hið þjála heiti: „Margir reitir með sama þreifara á þöktum RNA-tjáningar örflögum.“ „Það var mjög tæknilegt,“ segir hún og skellir upp úr en í dag fæst hún við hluti sem hljóma aðgengilegri – í það minnsta í eyrum blaðamanns. „Ég er að skoða allt milli himins og jarðar. Allt frá bólusetningum barna yfir í krabbamein og áföll.“

Sigrún segir fáa tölfræðinga á Íslandi. „Við búum hins vegar að því að hafa aðgang að stórum og góðum heilbrigðisgagnagrunnum. Við erum því farin að geta gert allt öðruvísi rannsóknir en áður. Í gamla daga var mjög dýrt og tímafrekt að safna saman gögnum en nú erum við komin með ofboðslega mikið af undirliggjandi gögnum sem við getum rannsakað og skoðað hvar samband liggur, fáist til þess samþykki.“

Sigrún nefnir Krabbameinsskrá sem nær aftur til 1955, lyfjagagnagrunna Landspítalans, dánarmeinaskrá og Íslenska erfðagreiningu. „Ég hef til dæmis verið að liðsinna doktorsnema sem hefur verið að rannsaka tengsl ákveðins magalyfs við aukna hættu á að fá krabbamein síðar. Það eru svona tengingar sem við getum gert. Þá er ég að skoða áhrif áfalla eins og barnsmissis á lífun foreldra og sömuleiðis það áfall að greinast með krabbamein. Ekkert af þessu er persónugreinanlegt heldur aðeins verið að skoða línuleg gögn. Í svona rannsóknum þarf heldur engin sýni.“

Sigrún segir mikil umsvif í rannsóknum í heilbrigðis- og læknavísindum á Íslandi og að þau séu meiri en margir geri sér grein fyrir. Útlit er fyrir að þau rannsóknarverkefni sem hún kemur að á þessu ári séu búin að hala inn milljarða í styrki og er langstærstur hluti erlendir styrkir. „Það er ekki síst þessum góðu heilbrigðisgagnagrunnum okkar að þakka. Við erum mjög vel í stakk búin til að rannsaka íslensku þjóðina. Við erum ekki að týna neinum og vitum um alla sem koma. Menn sjá hag í því að geta nýtt þá þekkingu sem verður til með rannsóknum okkar í víðara samhengi.“

### REYKINGAFÓLK FÆR TÖLFRÆÐIFYRIRLESTUR

En hvernig er að rýna í svona gögn alla daga. Fyllist þú ekki sjúkdómahræðslu? „Nei, síður en svo. Það er í raun mjög uppbyggilegt að sjá hvað við Íslendingar erum á heildina litið hraust þjóð. Hins vegar geta sum tengsl verið mjög afgerandi og má þar nefna tengsl reykinga og lungnakrabbameins. Vinir mínir og kunningjar geta því lent illa í mér ef þeir hætta sér með mér út á lífið og fara jafnvel út í reyk. Þá vellur upp úr mér tölfræðin og þeim þykir ég eflaust algert skaðræði,“ segir hún og hlær.

En hvernig á fólk að haga lífi sínu samkvæmt tölfræðinni? „Þetta er bara gamla góða tuggan. Að halda sig frá heilsuspillandi efnum og huga vel að mataræði, svefni, hreyfingu og geðorðunum tíu. Þetta snýst ekki um töfralausnir og megrunarkúra heldur hvernig fólk lifir lífi sínu frá degi til dags.“

### ÍSLANDS- OG EVRÓPUMEISTARI

Sjálf hefur Sigrún Helga alltaf haft mikla þörf fyrir að hreyfa sig. Hún æfði fótbolta á yngri árum en rambaði svo fyrir tilviljun inn í bardagaklúbbinn Mjölni, rétt að skríða í þrítugt og féll kylliflöt fyrir uppgjafarglímu eða brasilísku jiu jitsu. „Þetta var bara enn ein opna Facebook-spurningin; Hvert ætti ég að fara til að hreyfa mig? Góður vinur minn benti mér á Mjölni og eftir að hafa æft víkingaþrek í mánuð var einhver sem benti mér á að glíman ætti örugglega vel við mig. Ég fór á eina æfingu og þá varð ekki aftur snúið.“

Sigrún Helga landaði skömmu síðar, eða árið 2013, Evrópumeistaratitli í flokki blábeltinga og tveimur árum síðar sama titli í flokki kvenna með fjólublátt belti. „Ég viðurkenni það að ég fór alveg á kaf og æfði þess vegna tvisvar á dag. Það lágu því margir æfingatímar barna að baki. Sökum anna í starfi hefur glíman þó verið í svolítilli lægð að undanförnu en ég stefni á að bæta úr því hið fyrsta.“


Sigrún Helga ásamt dætrum sínum, Hólmfríði Láru og Brynhildi Ingu, á góðri stund.

Aðspurð segir Sigrún uppgjafarglímu eiga lítið skylt við MMA. Á hinn bóginn gagnast hún þeim sem stunda MMA mjög vel. „Það er ekkert verið að kýla eða sparka og engin þung högg. Það er mikið lagt upp úr gagnkvæmri virðingu fyrir andstæðingnum og þú átt í raun ekki að þurfa að meiða. Þess vegna er þetta kölluð uppgjafarglíma. Þetta er í raun eins og gamanslagur með góðum reglum og við segjum stundum í gríni að þetta sé sport fyrir knúsfíkla enda gengur það mikið út á líkamlega snertingu og traust.“

### BÍLLAUS SÍÐAN 2007

Sigrún hreyfir sig sömuleiðis töluvert frá degi til dags enda hjólar hún eða gengur nær allra sinna ferða og segir það gera sér gott á móti löngum skrifstofusetum. Hún stofnaði Samtök um bíllausan lífsstíl árið 2008 og þó hún sé ekki lengur í stjórn stundar hún enn þá bíllausan lífsstíl.

„Ég er ein fárra sem seldu bílinn sinn 2007 og hef ekki séð ástæðu til að kaupa mér nýjan. Ég hjóla og geng allra minna ferða en er líka alveg ófeimin við að taka leigubíl ef svo ber undir. Á sumrin hef ég svo tekið bílaleigubíl ef ég fer út á land. Eldri dóttir mín sem er 12 ára er orðin alveg strætófær og það styttist í að sú yngri, sem er að verða tíu ára, verði það líka, en annars ganga þær og hjóla þangað sem þær þurfa að fara.“

Á sínum tíma reiknaðist Sigrúnu svo til að hún sparaði sér um 800.000 krónur á ári með því að reka ekki bíl. „Miðað við þá verðbólgu sem hefur orðið síðan held ég að það sé alveg óhætt að tvöfalda þá upphæð.“



> Vinir mínir og kunningjar geta lent illa í mér ef þeir hætta sér með mér út á lífið og fara út í reyk. Þá vellur upp úr mér tölfræðin.
> Sigrún Helga Lund






**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*


10% AF ALLRI SÖLU ÞESSARAR LÍNU RENNUR TIL
STYRKTAR BARÁTTUNNI GEGN BRJÓSTAKRABBAMEINI
Fylgdu okkur á facebook
– Lindex Iceland
Peysa,
8995,–
Together
Fighting Breast Cancer
LINDEX
we make fashion feel good

# BLANDA AF HÁ- OG LÁGMENNINGU

Hönnunarfyrirtækið **Döðlur** hefur vakið mikla athygli fyrir hönnun sína á **Oddsson** hótelinu í gamla JL húsinu. Virtar hönnunarsíður á borð við Dezeen og DesignMilk hafa fjallað um hönnunina sem þykir skemmtilega óhefðbundin. Hönnun þar sem andstæður kallast á.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



Þegar Döðlur fengu boð um að hanna innviði nýs hótels í gamla JL húsinu fyrir tveimur árum urðu Daníel Freyr Atlason og samstarfsfélagi hans, Hörður Kristbjörnsson, mjög spenntir. „Þetta er hús sem hefur mjög sérstakan sess í hugum margra. Þarna fóru foreldrar manns í sunnudagsbíltúrinn til að sýna manni húsið sem beygist,“ segir Daníel glettinn.

Ekki minnkaði áhuginn þegar þeir félagar hittu eigendurna. „Krafa þeirra var mjög skemmtileg. Þeir vildu gera eitthvað allt annað en hefðbundið hótel og voru tilbúnir til að gera ýmislegt til að gera þetta sérstakt,“ lýsir hann en það rímar mjög vel við hugmyndafræði Daðla.

„Það má segja að Döðlur leggi stundum ansi mikið á sig til að gera aðeins öðruvísi hluti,“ segir Daníel.

„Við tókum hugmyndafræði sem listamenn hafa notað og snýst um að blanda saman há- og lágmenningu. Við sáum að þetta virkaði afar vel í listinni og spurðum okkur hvað myndi gerast ef við yfirfærðum þetta yfir á einhvern stað eins og hótel,“ segir Daníel og strax fóru skemmtilegir hlutir að gerast.



Oddsson hótelið er á fjórðu og fimmtu hæð gamla JL hússins. MYND/GVA



MYND/ARI MAGG

> Við leituðum andstæðna og ákváðum strax að allt sem væri „mainstream“ yrði tekið út. Í staðinn má segja að við séum með plastglös á öðrum endanum og kavíar á hinum en ekkert þar á milli.
>
> Daníel Freyr Atlason



MYND/ARI MAGG



MYND/ARI MAGG



Hörður og Daníel hjá Döðlum. MYND/STEFÁN



MYND/ARI MAGG



MYND/ARI MAGG

„Við leituðum andstæðna og ákváðum strax að allt sem væri „mainstream“ yrði tekið út. Í staðinn má segja að við séum með plastglös á öðrum endanum og kavíar á hinum en ekkert þar á milli.“

Oddsson hótel er þannig skemmtileg blanda af hóteli og hosteli. Þar má annars vegar fá vel útbúin lúxusherbergi með glæsilegu útsýni yfir Faxaflóa eða fjögurra manna herbergi með heimasmíðuðum kojum. „Þar er fínn veitingastaður og inn af honum karókíherbergi. Við hönnuðum sjálf húsgögn sem búin eru til úr rörum og stálpípum og þau standa við hlið húsgagna eftir heimsfræga hönnuði á borð við Alessandro Mendini, Pierre Chapo, Pierre Paulin, Gerrit Rietveld, Pierre Jeanneret og Ettore Sottsass.“

Daníel segist handviss um að ekkert hótel í heiminum bjóði upp á jafn flott úrval „költ“ húsgagna frá tuttugustu öld en sumir af þeim stólum sem finna má á hótelinu eru afar sjaldgæfir.

„Við erum búin að vera andvaka í tvö ár við að komast yfir þessa stóla. Við höfum legið yfir og komið okkur inn í uppboðsheiminn og keyptum flesta þessa stóla á uppboðum í fjarlægum löndum til að fá sem best verð.“

Oddsson var opnað í sumar og hönnun þess hefur þegar vakið athygli víða um heim. Athyglin kemur Daníel þó ekki á óvart. „Við ákváðum að setja allt markaðsféð í að kaupa húsgögn með það að leiðarljósi að þessi flotta og öðruvísi hönnun myndi með tímanum verða næg auglýsing, og það hefur gengið eftir,“ segir Daníel en hótelið hefur fengið góða umfjöllun á hönnunarsíðum á netinu auk þess sem von er á mikilli umfjöllun í tímaritum á næstu misserum.



JÓLIN BYRJA 18. NÓVEMBER

Gallery Restaurant

VEISLUSALIR VIÐ ÖLL TÆKIFÆRI

WWW.HOLT.IS




VEIÐIHORNIÐ

Fögnum útgáfu bókarinnar
**Í VEIÐIHORNINU**
Síðumúla 8, kl. 17 í dag.
Kræsingar úr bókinni
og frábær tilboð
í verslun!











# Biðin er á enda!

## STÓRA BÓKIN UM VILLIBRÁÐ

EFTIR ÚLFAR FINNBJÖRNSSON ER KOMIN AFTUR

- Sannkölluð biblía veiðimanna og matgæðinga
- Mikið aukin og endurbætt
- Nýr kafli um ferskvatnsfiska

SALKA

Bókaútgáfan Salka | Suðurlandsbraut 4, 2. hæð | 108 Reykjavík | Sími 522 2250 | salka@salka.is | www.salka.is

# GÓMSÆT FÖSTUDAGSPITSA

**Þröstur Sigurðsson** er mikill áhugamaður um mat og hann elskar að brasa eitthvað í eldhúsinu.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is





Þröstur er alltaf eitthvað að brasa í eldhúsinu. Hann erfði kökukefli ömmu sinnar og er það eitt af þeim verkfærum sem hann heldur hvað mest upp á. MYND/GVA

Þröstur Sigurðsson er maðurinn á bak við matarbloggið Töddi brasar sem byrjaði sem hálfgert grín sumarið 2012. „Ég hef alltaf haft mikinn mataráhuga og var búinn að prófa mig áfram með alls konar tilraunir og þá yfirleitt eitthvað mjög öfgakennt. Réttirnir mínir innihéldu næstum alltaf beikon, hnetusmjör eða bbq-sósu. Ég var alltaf eitthvað að brasa og mig langaði bara að koma þessum sköpunarkrafti frá mér. Svo fór fólk að fylgjast með mér, hvetja mig áfram, senda mér hugmyndir og ég var bara alltaf eitthvað að brasa. Mér finnst frábært þegar fólk deilir uppskriftum frá mér, stoppar mig úti á götu til að tala um mat og svo framvegis, þetta er mitt helsta áhugamál,“ útskýrir Þröstur, aðspurður um söguna á bak við síðuna.

Öll fjölskylda Þrastar hefur brennandi áhuga á mat og eru að hans sögn frábærir kokkar. Þau reyna að hittast eins oft og hægt er öll saman og halda veislur. „Ég held að rótin að matarástríðu minni sé komin frá ömmu Kristínu, hún gat vippað upp gríðarlegum veislum úr engu, það var alveg sérstök hlýja og bragð af matnum hennar, það var öll ástríðan og metnaðurinn sem hún lagði í matinn og framsetninguna. Ég erfði kökukeflið hennar ömmu og það er eitt af þeim verkfærum sem ég held hvað mest upp á í eldhúsinu. Amma fylgir mér.“

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í eldhúsinu?

„Mér finnst ótrúlega gaman að prófa ný hráefni eða nýjar aðferðir, ég fékk til dæmis ábendingu um daginn að prófa mig áfram með tempura-deig og ég gerði maísbaunir í tempura sem hægt er að lesa um á blogginu mínu, það var undarlegt fyrst en bragðaðist mjööög vel. Svo er alltaf skemmtilegast að brasa úr beikoni.“

Þröstur gefur hér uppskrift að pitsu með döðlum, rjómaosti, chili og valhnetum en hugmyndina að henni fékk hann þegar hann fór einn til Sikileyjar í matarupplifunarferð síðastliðið sumar. Þar var hann í þrjár vikur, meðal annars að ferðast um sveitirnar á suðurhluta Sikileyjar þar sem hann gisti á bóndabæjum og í tjöldum. „Þar smakkaði ég alls konar ný hráefni og nýjar útfærslur. Ég heimsótti vínekrur, fiskmarkaði, tíndi ólífur, borðaði fíkjur beint af trénu og smakkaði unaðslegar pitsur. Ég fór meðal annars á markaðinn í Ortigia og kom með fulla ferðatösku af kryddum og alls konar matarkyns til baka. Sikiley er algjör draumaáfangastaður fyrir mataráhugafólk. Ég smakkaði fullt af undarlegum, slæmum og dásamlegum réttum, þetta var mikil reynsla og ótrúlega skemmtilegt. Meðal annars keypti ég þurrkað chili af manni sem ég kynntist á sveitabænum Due Ganée, hann ræktar það sjálfur og það er algjörlega baneitrað. Ferskar döðlur og rjómaostur eru líka frábær blanda og chili-ið er gott mótsvar við sætunni,“ segir Þröstur.

Hann lætur sig dreyma um næstu matarferð en hann langar mikið að fara til suðurríkja Bandaríkjanna í grillferð þar sem allt er hægeldað og nostrað við og kruðeríið á hverju strái. „Svo þegar veturinn hellist yfir er gott að „hygge sig“ við gourmet-mat og samveru með þeim sem manni þykir vænst um. Ég er algjört jólabarn og er strax farinn að hlakka til jóla og farinn að plana jólaeldamennsku.



## FÖSTUDAGSPITSA

**Pitsudeig:**
- 400 g hveiti
- 2 tsk. lyftiduft
- 2 msk. vatn
- 2 msk. góð ólífuolía
- 2 msk. hunang
- Oreganokrydd
- Salt
- Hvítlaukskrydd

**Aðferð:**
Allt sett í skál, hnoðað og bætt við vökva eða hveiti ef þarf, flatt út og voilà.

**Álegg:**
- Chilipestó frá Jamie Oliver
- Pitsuostur
- Ferskar döðlur (steinhreinsaðar og skornar í tvennt)
- Rjómaostur
- Valhnetur (gróft muldar)
- Þurrkað chili (skorið smátt)
- Spínat

Allt nema spínat sett á pitsuna, bakað í fimmtán mínútur á hæsta styrk og spínatinu svo dreift yfir.



VANDAÐAR ULLARKÁPUR
VATNSVARÐAR DÚNÚLPUR
Skoðið
laxdal.is /yfirhafnir Facebook.Laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

# Jólahlaðborð

7. október 2016
**KYNNINGARBLAÐ** Sigló hótel | Hótel Saga | Kjötkompaní

# Glæsilegt jólahlaðborð á Sigló hóteli

**Sigló hótel** á Siglufirði bauð upp á jólahlaðborð fyrir jólin í fyrra sem verður endurtekið núna. Hótelið er afar glæsilegt og stendur á fallegum stað. Gestir geta því bæði notið umhverfisins og spennandi jólarétta á hlaðborðinu. Lögð er áhersla á hráefni beint frá bónda úr nærliggjandi sveitum.

Ólafur Sveinn Guðmundsson, yfirmatreiðslumaður á Sigló hóteli, segist leggja mikla áherslu á gott hráefni. „Ég hef verið í sambandi við bændur og veiðimenn hér í sveitinni. Ég get boðið upp á séralið naut og nýveiddar gæsir á jólahlaðborðinu. Við reynum að hafa hlaðborðið fjölbreytt með smávegis villibráð auk hefðbundinna jólarétta,“ segir hann. „Jólahlaðborðið á Sigló hóteli verður ákaflega spennandi kostur fyrir matgæðinga í litlu en áhugaverðu samfélagi,“ segir hann.

Sigló hótel þykir einstaklega fallegt og vel heppnað. Það var opnað árið 2015. Boðið er upp á glæsilega búin herbergi. Veitingastaðurinn Sunna er notalegur og svo er gott að setjast niður á hótelbarnum. Hótelið rekur þrjú veitingahús, eitt á hótelinu en hin eru Kaffi Rauðka og Hannes Boy sem eru í göngufæri við hótelið en þau tvö síðarnefndu eru byggð á grunni gamalla verbúða.

Sólrún Björg sem starfar á söludeild hótelsins segir að færri en vildu hafi komist á jólahlaðborðið í fyrra. „Það er nauðsynlegt að panta tímanlega, sérstaklega fyrir stærri hópa og fyrirtæki,“ segir hún. Sólrún segir að matseðillinn hjá Ólafi sé einstaklega glæsilegur. „Hann er með margar mismunandi tegundir af reyktum og gröfnum laxi, sérvalda rækju frá Ramma, bláskel af Ströndunum, heimagert paté og síld í mörgum útfærslum. Við höfum valið sérstök fjörulömb fyrir veisluna okkar og alikálfa úr Skagafirði auk þess sem hangikjötið er sérstaklega unnið fyrir okkur. Kokkarnir okkar ætla að koma gestum virkilega á óvart fyrir þessi jól,“ segir hún. „Með góða matnum verður boðið upp á skemmtiatriði.“



**Ólafur Sveinn Guðmundsson matreiðslumaður töfrar fram dýrindis rétti á jólahlaðborðinu á Sigló hóteli.**

**Kvöldverðarhlaðborð kr. 9.800 á mann. Hádegisverðarhlaðborð kr. 4.500 á mann. Kr. 2.250 fyrir 7 til 16 ára og frítt fyrir börn, 6 ára og yngri.**

Ólafur Sveinn segir að gestir komi víða að og njóti þess sem Siglufjörður hefur upp á að bjóða að vetri. „Það er alltaf hægt að komast hingað en aðkoman breyttist gífurlega við göngin,“ segir hann. „Hér hefur allt lifnað við og margt skemmtilegt í boði fyrir ferðamenn,“ segir kokkurinn.

Sú nýjung hefur einnig verið tekin upp að boðið er upp á sérstakt fjölskylduhlaðborð á sunnudögum í vetur. Foreldrar geta komið með börnin sín, ömmur, afar, frænkur og frændur geta komið saman og svo mæta jólasveinar í desember.

**Frekari upplýsingar um Sigló hótel og jólamatseðilinn má finna á heimasíðunni www.siglohotel.is eða á Facebook-síðu hótelsins.**



**Norðurljósadýrð umvefur Sigló hótel.**



**Einn af mörgum eftirréttum hótelsins.**



**Heitur pottur fyrir utan hótelið.**



**Sunnusalur er bjartur og fallegur.**



## Jólahátíð í Viðeyjarstofu

VIÐEYJARSTOFA Restaurant

Gallery Restaurant

Gallery Restaurant Hótel Holt sér um allar veitingar í Viðeyjarstofu.

www.videy.com - videyjarstofa@videyjarstofa.is

## Jólaseðill

Hreindýrapaté með kakóbaunakremi og bláberja „vinaigrette"

Humar og avacado með sætum kartöflum og límónusósu

Steiktar andabringur ásamt hindberjum og rauðrófum

Innbakað fyllt lambalæri með sætum ávöxtum og kantarellusveppum

Volg súkkulaðikaka, piparkökuís og heit karamellusósa

18. - 19. nóvember
25. - 26. nóvember
2. - 3. desember
9. - 10. desember

-Fleiri dagsetningar í boði fyrir hópa

9.900.-
(5 rétta matseðill)

Ferjan siglir frá Skarfabakka og kostar 1.350.- fyrir hvern og einn

# Nýtir hlaðborðin til að smakka nýtt

**Eva Þórdís Ebenezersdóttir** þjóðfræðingur er forfallið jólabarn í hjarta sínu. Hún tekur bakstur og matarhefðir um jól afar hátíðlega þó að fram undan séu hennar fyrstu sykur- og glútenlausu jól. Hún segir kjörið að nota jólahlaðborð í tilraunastarfsemi.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Ég er mikil aðventumanneskja, sérstaklega þegar kemur að jólahefðum. Ég áttaði mig á því í þjóðfræðináminu hvað ég er með mikla þjóðfræði í kringum mig, sérstaklega þegar kemur að mat og matargerð," segir Eva Þórdís Ebenezersdóttir, matgæðingur og jólabarn með meiru.

„Ég er alin upp af mikilli matarfjölskyldu og við miklar matarhefðir og ástríðu fyrir mat. Móðuramma mín var húsmæðraskólagengin en hefði farið í listeða hönnunarnám hefði það staðið til boða. Hún fékk útrás fyrir listhneigð sína í matargerð, smurbrauðstertur urðu listaverk og dýrindis marsípanrósir urðu til í höndum hennar. Skilaboðin frá langömmu í móðurlegg eru í heiðri höfð í fjölskyldunni, að á jólunum skal nota smjör í bakstur. Gæðin og nautnin bæði við að búa til mat og njóta hans fylgir mér og kristallast í jólahefðunum. Þessi galdur að búa til eitthvað sem bara er gert einu sinni á ári og að njóta þess."

Komandi jól gætu þó orðið með öðru sniði hjá Evu en hún er hætt að borða glúten og sykur.

> **Skilaboðin frá langömmu í móðurlegg eru í heiðri höfð í fjölskyldunni, að á jólunum skal nota smjör í bakstur. Gæðin og nautnin bæði við að búa til mat og njóta hans fylgir mér og kristallast í jólahefðunum.**
>
> *Eva Þórdís Ebenezersdóttir*

### Sykurlaus jól?

„Ég tók út allt glúten um síðustu áramót, í mars hætti maðurinn minn að borða sykur og svo ég í framhaldinu. Þegar kemur að næstu jólum höfum við því verið sykur- og glútenlaus um nokkurt skeið og hvernig ætla ég þá að haga mér með allar mikilvægu jólahefðirnar mínar?" segir Eva og hlær.

„En ég hef reyndar engar áhyggjur. Mér finnst gaman að baka og fæ mikið „kikk" út úr því að baka fyrir aðra. Ég ætla að baka hnoðaða krydd-randalínu með smjörkremi og sultu, eins og mamma og amma gerðu hana og ekki séns að ég fari að gera hana glútenlausa! Nú hef ég verið að gera sykurlausar uppskriftir að konfekti og marsípani fyrir sjálfa mig og það er vel hægt að búa til jól án sykurs. Meira að segja rauðkálið er hægt að gera án sykurs og hægt að steikja glútenlaust laufabrauð."



**Eva Þórdís Ebenezersdóttir þjóðfræðingur heldur jólahefðir fjölskyldunnar í heiðri. Hún er reyndar hætt að borða sykur sem mun þýða breytingar um næstu jól. Á jólahlaðborðum reynir hún að smakka eitthvað sem hún býr ekki til sjálf.** MYND/GVA

### Tilraunastarfsemi á jólahlaðborðum

En hvað gerir sykur- og glútenlaus manneskja á jólahlaðborði?

„Það er svo mikið í boði að ég get auðveldlega sneitt hjá því. Reyndar hafði ég alltaf ákveðnar reglur á hlaðborðum áður en ég tók þetta út. Ég ákvað fyrir löngu að af því jólahlaðborð er eitthvað sem maður fer á sjaldan, að vera ekkert að borða hangikjöt og rauðkál og brúnaðar kartöflur, sem ég elda sjálf heima, heldur nýta tækifærið og smakka alls konar rétti sem ég geri ekki sjálf. Ég smakkaði til dæmis alvöru kavíar á jólahlaðborði sem ég hef aldrei smakkað áður. Mér finnst upplagt að nota hlaðborðin í tilraunastarfsemi."




ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson




Jólahlaðborðin frá Kjötkompaníinu hafa verið afar vinsæl hjá hópum sem hittast í heimahúsum og vilja halda flotta veislu án fyrirhafnar.



„Í smáréttunum erum við svolítið að leika okkur, meðal annars með danska smörrebrauðið og setjum það í smá „fusion“ búning,“ segir Jón Örn.



Jólasmáréttirnir eru skemmtileg lausn fyrir þá sem vilja létt yfirbragð yfir matnum.



Smáréttirnir eru girnilegir.



Fjölbreyttir kjötréttir eru á matseðlum Kjötkompanísins.



Fyrir þessi jólin verður boðið upp á þá nýjung hjá Kjötkompaníinu að vera með matseðil með jólasmáréttum í léttum dúr

Hægt er að panta gómsæta deserta sérstaklega með öllum matseðlum.





Wellington nautalundin frá Kjötkompaníinu er klár beint í ofninn, það er búið að forsteikja hana og pakka í smjördeig með duxell-fyllingu og eðalskinku.

# Ljúffengur matur án fyrirhafnar

Jólahlaðborðin frá Kjötkompaníi hafa verið vinsæl hjá stærri og smærri hópum sem vilja halda flotta veislu án fyrirhafnar. Þú bara velur matseðil og sækir svo veisluna algerlega tilbúna. Auðvitað má líka fá jólasteikina þar, en Wellington-nautalundin er sívinsæl sem slík.

Kjötkompaní er sælkeraverslun í Hafnarfirði sem hefur verið starfrækt í rúm sjö ár, verslunin býður upp á fyrsta flokks hráefni í kjöti og meðlæti, ásamt heildarlausnum fyrir veisluna.

„Við erum með breitt úrval af sósum, súpum og desertum ásamt öðru meðlæti og leggjum mikið upp úr því að framleiða þær vörur sem við seljum sjálf. Eins og undanfarin ár bjóðum við upp á hin geysivinsælu jólahlaðborð fyrir stóra og smáa hópa. Við höfum verið með jólahlaðborðin frá því við opnuðum, en fyrir um tveimur árum fórum við að bjóða upp á tilbúin hlaðborð sem sótt eru í verslunina fyrir smærri hópa, minnst tíu manns, og það hefur algjörlega slegið í gegn,“ segir Jón Örn Stefánsson, eigandi verslunarinnar.

## Jólasmáréttirnir vinsælir

Hægt er að velja á milli fjögurra mismunandi matseðla hjá Kjötkompaníi. „Við erum með allt frá því að hafa þetta einfalt, eingöngu aðalrétt og meðlæti, til heilu hlaðborðanna með forréttum, aðalréttum, og svo erum við með nokkrar týpur af desertum sem hefur verið vinsælt að bæta við.“

Fyrir þessi jólin verður boðið upp á þá nýjung hjá Kjötkompaní að vera með matseðil með jólasmáréttum í léttum dúr. „Þarna erum við svolítið að leika okkur, meðal annars með danska smörrebrauðið og setjum það í smá „fusion“ búning, það er mjög gaman að brjóta hlutina aðeins upp,“ segir Jón Örn brosandi og bætir við að jólasmáréttirnir séu skemmtileg lausn fyrir þá sem vilja létt yfirbragð yfir matnum eða geta ekki verið með sitjandi borðhald.

## Allt klárt

Jólahlaðborðin frá Kjötkompaníi hafa verið afar vinsæl hjá hópum sem hafa verið að hittast í heimahúsum og viljað halda flotta veislu án fyrirhafnar. „Þá er fyrirkomulagið þannig að veislan er tilbúin að öllu leyti, það þarf bara að sækja kræsingarnar í Kjötkompaní á þeim tíma sem óskað er. Það er allt innifalið í þessum pakka og allt sem á að vera heitt eins og kartöflur, steikin, sósan og fleira er afgreitt í frauðkassa sem heldur matnum heitum. Þannig að það eina sem þarf að gera er að koma veitingunum á borðið og sósu í skál og skera steikina, annað er klárt.“



Starfsmenn Kjötkompanís græja glæsilegar veislur fyrir stærri sem smærri hópa. MYNDIR/BINNI

## Gómsæta jólasteikin

Auk þess að bjóða upp á ljúffeng jólahlaðborð býður Kjötkompaní að sjálfsögðu upp á jólasteikina. „Wellington-nautalundin okkar er það alvinsælasta sem við bjóðum upp á um jólin. Steikin er klár beint í ofninn, það er búið að forsteikja hana og pakka í smjördeig með duxell-fyllingu og eðalskinku. Það þarf aðeins að pensla hana með eggjarauðum áður en hún fer í ofninn,“ lýsir Jón Örn.

**Á www.kjotkompani.is er hægt að kynna sér matseðla, senda inn pantanir og fá allar nánari upplýsingar ásamt því að skoða eldunarleiðbeiningar á vídeó-formi.**

# Þjónar í súpu klúðruðu pöntunum

Þó að flest jólahlaðborð séu af hefðbundnu tagi er stundum hægt að finna jólahlaðborð með óvæntum vinkli. Eitt slíkt fór fram í fyrra í Hernámssetrinu á Hlöðum á Hvalfjarðaströnd. Þar var jólahlaðborðinu blandað saman við hið skemmtilega leikrit Þjónn í súpunni. **Viktor Már Bjarnason** var einn leikaranna.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



„Sýningin Þjónn í súpunni á sér langa sögu. Hún var samin af Eddu Björgvinsdóttur og Maríu Sigurðardóttur og sett upp í fyrsta sinn í Iðnó árið 1998 við frábærar undirtektir. Í þessari uppfærslu voru leikarar á borð við Stefán Karl, Bessa Bjarnason og Margréti Vilhjálmsdóttur," upplýsir Viktor sem tók fyrst þátt í uppfærslu á leikritinu árið 2009 þegar Þjónn í súpunni var endurvakinn á veitingastaðnum Friðrik V. á Akureyri.

Viktor segir sýninguna taka breytingum eftir því hvaða leikarar eru með hverju sinni auk þess sem staðsetningin hafi vissulega áhrif líka. „Nýjar hugmyndir vakna og hvert rými kallar á mismunandi útfærslur." Þannig var það einnig þegar ákveðið var síðastliðið haust að setja upp sýninguna enn á ný en nú í samstarfi við Hernámssetrið á Hlöðum á Hvalfjarðaströnd, og í þetta sinn í tengslum við jólahlaðborð.

„Við vorum með tvö leikarateymi en ásamt mér tóku þátt þau Edda Björgvinsdóttir, Lilja Guðrún Þórhallsdóttir, Kjartan Guðjónsson, Jana María Guðmundsdóttir, Jónmundur Grétarsson, Hjalti Rúnar Jónsson, Aðalbjörg Árnadóttir, Björn Ingi Hilmarsson og Ólafía Hrönn Jónsdóttir."

Langflestir þessara leikara höfðu áður tekið þátt í þessari sýningu og þekktu því vel til. „Undirbúningurinn gekk því hratt fyrir sig en svo er þessi sýning líka þannig að maður verður bara að kýla á hana. Hún er enda aldrei alveg eins."

„Í sýningunni eru yfirleitt fjórir til sex leikaraþjónar sem fá síðan aðstoð frá alvöru þjónum sem sjá til þess að það fari ekki allt í vitleysu," segir Viktor glettinn. „Í þetta sinn þurftum við leikararnir þó lítið að þjóna til borðs enda var þetta hlaðborð. Við tókum þó stundum niður drykkjarpöntun en þær fóru nú oft fyrir ofan garð og neðan, drykkirnir komu seint eða aldrei," segir hann og hlær.

Viktor segir jólahlaðborðinu hafa verið mjög vel tekið en sýningarnar voru um tíu eða tólf talsins. „Fólk kom úr nærsveitum og nágrannabæjum en svo komu líka stórir hópar, bæði vinnuhópar og vinahópar, í rútum frá Reykjavík."

Viktor segir oft hafa verið ævintýralegt fyrir bæði leikara og gesti að komast á staðinn í verstu vetrarveðrunum. „Stundum varð seinkun á sýningum vegna ófærðar og ég man sérstaklega eftir einu laugardagskvöldi. Við sátum og fylgdumst stöðugt með vef Vegagerðarinnar því Kjalarnesið var lokað. Svo þegar Gaui litli, umsjónarmaður Hernámssetursins, hringdi og sagði að búið væri að opna, brunuðum við af stað upp eftir. Sýningunni seinkaði um klukkutíma en það kom ekki að sök enda voru gestirnir seinir líka," lýsir Viktor en telur að oft hafi þessi jólahlaðborð verið þau endað hafi með hvað mesta stuðinu.

Þjónn í súpunni verður í pásu þessi jólin en jólahlaðborð verða þó áfram í Hernámssetrinu. Borgardætur sjá um stuðið í nóvember og svo verður boðið upp á eitthvað óvænt á aðventunni.



Jólahlaðborði með leiklistarívafi var vel tekið af gestum Hernámssetursins.



Viktor Már á góðri stundu með samþjónum sínum.



# Bragðsveifla á Satt í sönnum jólaanda

Matreiðslumeistarar Satt munu í ár leika á klassíska jólahlaðborðið í takt við lifandi djasstónlist sem þekktustu djassarar landsins leika. Boðið er upp á jólahlaðborð föstudags- og laugardagskvöld, jólahlaðborð í hádeginu alla virka daga og hátíðarbröns um helgar.



**Sigrún Þormóðsdóttir** veitingastjóri Satt.

Jólin á veitingastaðnum Satt á Icelandair hótel Reykjavik Natura hefjast 19. nóvember og verða allar helgar fram að jólum. „Jólahlaðborðin verða með skemmtilegu sniði þetta árið en þekktustu djassarar landsins munu leika sér með jólalögin undir borðhaldinu,“ segir Sigrún Þormóðsdóttir, veitingastjóri Satt. Það eru þeir Óskar og Ómar Guðjónssynir ásamt Tómasi R. sem sjá um spilamennskuna. „Þeir eru miklir matgæðingar og hafa gaman af því að vera með okkur í þessu auk þess sem bæði þeir og kokkarnir sækja innblástur í matinn og stemninguna.“

Helgarbrönsinn og hádegishlaðborðið á Satt fer einnig í jólafötin á sama tíma. „Á laugardögum hljóma djassaðir jólatónar undir borðhaldi og frá fyrsta sunnudegi í aðventu og fram til jóla er einstök fjölskyldustemning en heyrst hefur að jólasveinninn kíki þá inn á Satt,“ segir Sigrún glaðlega.

Hún segir mikla ánægju hafa verið með jólin á Satt. „Margir hafa komið árlega og eiga jafnvel sitt fasta borð. Jólabrönsinn hefur líka náð miklum vinsældum og gaman að sjá heilu stórfjölskyldurnar koma í jólabröns í stað þess að halda jólaboð heima,“ segir Sigrún og bendir á að skötuhlaðborðið verði að sjálfsögðu á sínum stað.



Djössuð jólalög hljóma undir borðhaldinu á jólahlaðborðum Satt.



## JÓLAHLAÐBORÐ SATT

**Jólahlaðborð á kvöldin**, öll föstudags- og laugardagskvöld frá 19. nóvember fram að jólum.
**Verð 9.900 kr.* á mann og borðhald hefst kl. 19.**

**Jólahlaðborð í hádegi** alla virka daga frá og með 21. nóvember fram að jólum.
**Verð 4.900 kr.* á mann, borðhald kl. 11.30-14.00.**

**Hátíðarbröns** alla laugardaga og sunnudaga frá 19. nóvember fram að jólum.
**Verð 5.200 kr.* á mann, borðhald kl. 11.30-15.00.**

**Börn 6-12 ára greiða hálfvirði og 0-5 ára greiða ekkert.*

**Pantaðu borð tímanlega og fáðu nánari upplýsingar í síma: 444 4050 eða satt@sattrestaurant.is Viltu gera meira úr kvöldinu? Bókaðu gistingu á Reykjavík Natura á www.icelandairhotels.is**

# Jólagleði á Slippbarnum

Slippbarinn fer frekar óhefðbundnar leiðir um jólin sem endranær en þar reiða meistarakokkar fram metnaðarfullar og öðruvísi jólakræsingar sem bornar eru á hvert borð og gestir deila með sér. Jólamatseðillinn tekur gildi 25. nóvember.

Hjá okkur skapast jafnan mjög skemmtileg stemning á hverju borði. Við berum litla rétti á borðið sem fólk deilir með sér og því verður þetta eins og lítið jólahlaðborð á hverju borði. Það virkar mjög vel enda svo skemmtilegt að borða saman og hafa gaman. Við viljum bara eiga skemmtilega gleðileg jól með gestum og bjóða góðan mat og drykk,“ segir Árni Þór Jónsson, yfirmatreiðslumeistari Slippbarsins.

Jólamatseðill Slippbarsins tekur gildi föstudagskvöldið 25. nóvember og er alla daga fram að jólum. Jólahádegið hefst mánudaginn 28. nóvember frá kl. 11.30 til 14.00 alla virka daga fram að jólum. Jólabrönsinn hefst laugardaginn 26. nóvember frá kl. 12.00 til 15.00 allar helgar fram að jólum. Pantanir og fyrirspurnir sendist á slippbarinn@icehotels.is eða í síma 560 8080.



**Árni Þór Jónsson, yfirmatreiðslumeistari Slippbarsins, segir að skemmtileg stemning skapist á staðnum fyrir jólin.**

**Slippbarinn er við Mýrargötu 2 og er með heimasíðuna www.slippbarinn.is**



Hægt er að velja um marga gómsæta rétti á jólamatseðli Slippbarsins.



Gestir deila jólakræsingum á borðum sínum og allir fara saddir heim.



Atli Þór Erlendsson (f.v.), matreiðslumaður á Grillinu, Sigurður Helgason veitingastjóri og Ólafur Helgi Kristjánsson matreiðslumaður í Súlnasal og Skrúði, bjóða gesti velkomna á glæsilegt jólahlaðborð.
MYND/ANTON BRINK

# Úrval bestu rétta á jólahlaðborðinu

Landsmenn hafa sótt jólahlaðborð á **Hótel Sögu** í mörg ár en þar má alltaf stóla á góðan mat í notalegu umhverfi. Í ár verður boðið upp á samspil af dönsku og klassísku íslensku jólahlaðborði þar sem margir af bestu réttum Hótel Sögu gegnum árin verða bornir fram.

Jólahlaðborðin á Hótel Sögu eru fyrir löngu orðin samgróin jólahaldi landsmanna enda mæta margar fjölskyldur þangað á hverju ári. Fyrir þessi jól verður boðið upp á samskonar jólahlaðborð í Súlnasal og Skrúði og í ár verður horft aftur til fortíðar að sögn þeirra Ólafs Helga Kristjánssonar matreiðslumanns og Sigurðar Helgasonar veitingastjóra. „Jólahlaðborðið í ár verður samspil af dönsku og klassísku íslensku jólahlaðborði þar sem margir af bestu réttum Hótels Sögu í gegnum árin verða bornir fram.“

## Ljúffengir réttir

Meðal gómsætra rétta sem boðið verður upp á nefna þeir hreindýr, gæs, nautakjöt, lamb, kalkún, síldarrétti og ýmsar útfærslur af laxi. „Súlnasalurinn er klassískur veislusalur sem verður fallega skreyttur í stíl við húsið. Hér hafa stigið á svið gegnum árin margar af stærstu stjörnum landsins og skemmt gestum, listamenn á borð við Elly Vilhjálms, Ragga Bjarna, Magga Kjartans, Ómar Ragnarsson og Helenu Eyjólfsdóttur, ásamt mörgum öðrum sem eru nú þegar partur af sögu okkar. Í ár munu Regína Ósk og Örn Árna gera þeim skil þar sem þau syngja sig í gegnum þessa glæsilegu sögu og gæða hana lífi við undirleik Jónasar Þóris á jólahlaðborði Hótels Sögu í Súlnasal.“

Inn á milli læðist svo fjörug Eurovision-sveifla og lögin sem allir þekkja. Þar verður Baldur Dýrfjörð sérstakur gestur og svo mætir Siggi Hlö og gerir allt vitlaust að vanda. „Þetta verður sem sagt jólamatur, góðgæti og geggjað stuð sem enginn vill missa af. Veitingastaðurinn Skrúður fær svo jólasveina í heimsókn í jóla-brunchinn en Skrúður er einna þekktastur fyrir sín frábæru jólahádegisverðarhlaðborð.“

## Lifandi matseðill

Matseðillinn á Grillinu á Hótel Sögu er lifandi og breytist reglulega eftir framboði á hráefni hverju sinni. Að sögn Atla Þórs Erlendssonar, matreiðslumanns á Grillinu, eru þó fáar breytingar gerðar á jólaseðlinum meðan hann er í gangi, nema brýn nauðsyn sé. „Á jólaseðlinum í ár verðum við meðal annars með humar, gæs og hreindýr, að ógleymdri jólasíldinni okkar sem er einn af okkar „signature“ réttum og birtist í svipaðri mynd ár hvert.“

Engin sérstök skemmtiatriði verða í boði á Grillinu fyrir jólin heldur er reynt að skapa sömu upplifun í veitingum og þjónustu sem gestir Grillsins þekkja svo vel allt árið um kring.



Jólasíldin á Grillinu er einn af þeim réttum sem boðið er upp á ár eftir ár.



Graflaxinn og reykti laxinn eru meðal klassískra rétta sem eru í boði.

PERLAN



Óbreytt verð frá því í fyrra!

JÓLALEG KVÖLDSTUND Í
PERLUNNI

Eigðu einstaka og hátíðlega kvöldstund á hinu óviðjafnalega jólahlaðborði Perlunnar. Það borgar sig að panta borðið þitt strax, enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

Verð 9.900 kr.
Tilboð frá mán. til mið. 7.900 kr.

Bókaðu borð núna: 562 0200 / perlan@perlan.is

BRYGGJAN BRUGGHÚS
bistro & brewery
REYKJAVÍK

ELDHÚS OPIÐ * FIM-LAU 11.30-23.00 * SUN-MIÐ 11.30-22.00

# JÓLIN 2016 MATSEÐILL

25.11-23.12.2016

## JÓLAPLATTI BRYGGJUNNAR .......... 3.200.-

FORDRYKKUR: Fagnaðarerindið, jólabjórinn okkar

REYKT ÖND
reykt í eldhúsinu okkar, döðlur, appelsína

TVÍREYKT LAMB
reykt í eldhúsinu okkar, piparrót, majónes

PALE ALE GRAFINN LAX
kryddmajónes

SÍLD OG RÚGBRAUÐ



LIFANDI HÁTÍÐARTÓNLIST ÖLL FIMMTUDAGS, FÖSTUDAGS & LAUGARDAGSKVÖLD.

SUNNUDJASS MEÐ HÁTÍÐARÍVAFI ÖLL SUNNUDAGSKVÖLD.

## JÓLAMATSEÐILL BRYGGJUNNAR .... 8.400.-

FORDRYKKUR: Fagnaðarerindið, jólabjórinn okkar

### FORRÉTTIR

REYKT ÖND
reykt í eldhúsinu okkar, döðlur, appelsína

TVÍREYKT LAMB
reykt í eldhúsinu okkar, piparrót, majónes

PALE ALE GRAFINN LAX
kryddmajónes

SÍLD OG RÚGBRAUÐ

### AÐALRÉTTUR

LAMBA PRIME
grænar baunir, kartöflu krókettur, rótargrænmeti, rabarbarasulta og demi gljái

### EFTIRRÉTTUR

KANEL ÍS
kanel brot, þurrkuð trönuber & 66% omnom ganache



BRYGGJAN BRUGGHÚS * GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK * 00354 456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS



# FAGNAÐARERINDIÐ

BELGÍSKUR DUBBEL

Jól 2016

750 ML

BRYGGJAN BRUGGHÚS
bistro & brewery

# FAGNAÐARERINDIÐ FRUMFLUTT 10. NÓVEMBER 2016

TAKIÐ DAGINN FRÁ


Wilhelm Wessman (t.v.) og Gunnar Steinn Pálsson ásamt eiginkonum.

## Fyrstu jólahlaðborðin

Fyrstu hefðbundnu jólahlaðborðin voru haldin hér á landi árið 1980 en sá sem átti frumkvæðið að þeim var Wilhelm Wessman, þáverandi aðstoðarhótelstjóri á Hótel Sögu. Hann kynntist þessum sið í lok áttunda áratugar síðustu aldar í Kaupmannahöfn en þá var nánast útilokað að fá borð á veitingahúsum þar í desember. Á meðan stóðu öll veitingahús í Reykjavík nánast tóm frá lok nóvember og fram á þorra.

Wilhelm fékk Gunnar Stein Pálsson markaðsmann í lið með sér og í sameiningu markaðssettu þeir jólahlaðborðið, m.a. með því að senda öllum húsmæðrum á höfuðborgarsvæðinu jólakort. Fyrirtækin bættust síðar við en þessi mikla markaðssetning á upphafsárunum átti vafalaust stærstan þátt í útbreiðslu jólahlaðborða hér á landi.

Fyrsta árið var jólahlaðborðið haldið á Grillinu og stóð yfir í tvo daga. Viðtökurnar voru góðar og ári síðar var byrjað viku fyrir jólin. Fyrstu árin var boðið upp á hlaðborð að dönskum sið og meðal rétta voru síld, graflax og reyktur lax, svínasteik, reykt svínslæri, lifrarkæfa með beikoni og sveppum, ýmis salöt og ljúffengir eftirréttir. Auk þess var boðið upp á þjóðlega rétti á borð við hangikjöt, steikt lambalæri auk sviða- og grísasultu.


Skrúður jólalegur um miðjan níunda áratug síðustu aldar.


Fyrstu árin var boðið upp á girnileg hlaðborð að dönskum sið.

Jólahlaðborð á veitingastöðum er danskur siður sem rekja má til stríðsáranna 1940-1945. Þá var allur matur skammtaður og erfitt að fá hráefni til að laga hátíðarrétti. Fjölskyldur og vinir, jafnvel heilu hverfin, í Kaupmannahöfn hófu þá að taka sig saman og slá í púkk. Veitingahús var fengið að láni undir fagnaðinn og öl og snafsar keyptir af veitingamanninum. Eftir stríð héldu veitingamenn í Danmörku þessum sið áfram og buðu upp á jólahlaðborð í desember.

## GÓÐ RÁÐ VIÐ UNDIRBÚNING

- Við undirbúning jólahlaðborðs er gott að hafa í huga að vera ekki með of margar tegundir. Vel skipulagt hlaðborð nokkurra rétta sem fara vel saman er girnilegra en ofhlaðið borð ólíkra rétta. Gott er að fara eftir þessum ráðum þegar gera á góða veislu.
- Hugsið út í það hvernig bragðtegundir fara saman og forðist árekstra ólíkra bragðtegunda. Fólk á það til að hlaða á diskinn á hlaðborði þannig að réttir blandast.
- Veljið rétti í ólíkum litum og áferð til að hlaðborðið fái girnilega fjölbreytt útlit.
- Finnið hverjum rétti nægjanlegt pláss á hlaðborðinu og verið búin að finna út hvaða áhöld og leirtau þarf fyrir alla réttina.
- Gerið eins mikið af veitingunum og hægt er fyrirfram.
- Gott er að nota upphækkanir á hlaðborðið til að það líti betur út. Þá er einhverju, kassa, fati eða öðru skellt á matarborðið, dúkur settur ofan á og einn eða fleiri réttir settir ofan á upphækkunina.



Jólamatseðillinn byrjar miðvikudaginn
23. nóvember og er til jóla.

**Verbúð 11 – Lobster&Stuff**
Verð í hádegi frá kl 11:30–kl 17 6.990 kr
Matseðill með sérvöldum vínum 13.490 kr
Verð frá kl 17 er 9.590 kr
Matseðill með sérvöldum vínum 16.990 kr.

Fordrykkur:
Jólakokteill dagsins 2000 kr
Óáfengur jólakokteill dagsins 1000 kr

Hreindýracarpaccio
Bláber, mareneraðar perur, piparrót, sýrðar rauðrófur, truffluolía og eplamayo

Humar og rjúpa
Tagliatelle, rjúpusoð og brennt rósmarín.

Hunangsristuð andarbringa
Appelsínusósa, blaðkál, kartöflupressa, jarðskokkar, blaðlaukskrem og fennel

Panna Cotta
Hvíttsúkkulaði, kanilís og piparkökucrunch

Vinsamlegast athugið að þessi matseðill er eingöngu afgreiddur fyrir allt borðið.

VERBÚÐ 11 Est. 1913
LOBSTER & STUFF

Verbúð 11 - Lobster & Stuff Restaurant
Geirsgötu 3, 101 Reykjavík
S: 552-0011 • www.verbud11.is

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

# Grand Jólahlaðborð

Frá 12. nóvember til jóla



**TILBOÐ**
á gistingu í boði fyrir hlaðborðsgesti.

## VELKOMIN Á JÓLAHLAÐBORÐ Á GRAND HÓTEL REYKJAVÍK

Njóttu dýrindis veitinga og frábærrar skemmtunar á jólahlaðborði á Grand Hótel Reykjavík, öll föstudags- og laugardagskvöld frá 12. nóvember og fram að jólum. Jólahlaðborðin fara fram í fagurlega skreyttum veislusölum og er öllu til tjaldað til að gestir geti átt gleðilega stund yfir dýrindis mat og drykk. Hægt er að velja á milli þess að hlýða á ljúfa tóna Bjarna Ara eða fagran söng Heru Bjarkar í bland við söng og glens Bjarna töframanns.

*Hera Björk og Bjarni töframaður*

*Bjarni Ara*

**VERÐ 10.800 KR.**
á mann

# Jólabrunch

**ALLA SUNNUDAGA FRÁ 13. NÓVEMBER TIL JÓLA, KL. 11:30-14:00**

Taktu þér frí frá jólaundirbúningnum og kíktu á notalegan jólabrunch á Grand Hótel Reykjavík, þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi. Við bjóðum upp á afslappaða stemmingu og úrval sérvalinna rétta sem kæta bragðlaukana. Þá kíkja jólasveinar í heimsókn og bregða á leik með börnunum.

**VERÐ 5.200 KR.** Á MANN
**Verð 3.000 kr.** fyrir 6-12 ára
**Frítt fyrir börn** 5 ára og yngri



Pantanir á grand.is eða í síma 514 8000

# VONT AÐ LIFA Í SKUGGA SKILNAÐAR

**Anna Sigríður Pálsdóttir** prestur á að baki langan og farsælan feril sem ráðgjafi. Hún hefur haldið vinsæl meðvirkninámskeið í Skálholti. Anna Sigríður starfar núna hjá Lausnum og heldur meðal annars úti sérsniðnu námskeiði fyrir fólk sem hefur gengið í gegnum skilnað. „Fólk getur ekki notið lífsins ef það heldur í erfiðar tilfinningar.“

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Námskeiðið sem nefnist Er líf eftir skilnað? er ætlað öllum þeim sem gengið hafa í gegnum hjónaskilnað fyrr eða síðar og vilja vinna úr sárum sínum. „Svo sannarlega er líf eftir skilnað,“ svarar Anna Sigríður þegar hún er spurð um námskeiðið. „Hins vegar getur verið erfitt fyrir suma að öðlast það aftur. Margir eru mjög lengi að jafna sig eftir skilnað ef þeir gera það einhvern tíma. Hvernig skilnað ber að getur skipt máli og hversu langt sambandið hefur verið. Eftir mjög langt hjónaband getur verið flókið að halda utan um líf sitt án maka,“ segir hún.

### SÁTT MEÐ PRESTI

Anna Sigríður gekk sjálf í gegnum skilnað fyrir 30 árum. „Ég þurfti að fara til prests til að fá sáttavottorð og mér fannst ég svolítið tóm þar á eftir. Það var engin eftirfylgni. Þegar ég varð sjálf prestur fór ég að skoða þetta og komst að því að þetta sáttavottorð er í raun arfur frá gömlum barnaverndarlögum. Þess var vænst að presturinn væri í góðu sambandi við báða foreldra ef eitthvað kæmi upp á með börnin. Þess vegna þurfa hjón ekki sáttavottorð ef börnin eru komin á lögaldur. Um tíma vann ég hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og þá fékk ég tækifæri til að leggja drög að þessu skilnaðarnámskeiði og eftirfylgni til að fólk gæti fært líf sitt í betra horf. Fyrstu skilnaðarnámskeiðin hélt ég í Grafarvogskirkju. Þessi námskeið hafa alltaf verið vel sótt, jafnt af körlum og konum,“ útskýrir Anna Sigríður.

### VANLÍÐAN OG SORG

„Námskeiðið byggi ég á amerískri bók sem heitir The Good Divorce. Ég fer í gegnum skilnaðarferlið, því að þótt skilnað geti borið að brátt þá er oftast ferill á bak við hvern skilnað. Oft er það aðeins annar aðilinn sem er að fara í gegn um skilnaðarhugsanir án þess að hinn aðilinn hafi hugmynd um. Skilnaði fylgir vanlíðan, vonbrigði, erfiðleikar, sorg og tilfinningaflækjur. Því er mikilvægt að endurmeta líf sitt og vinna úr erfiðum tilfinningum. Það gerum við á þessu námskeiði. Við byrjum á fyrirlestri en við það opnast á samræður. Síðan er eftirfylgni í þrjár vikur eftir námskeiðið,“ segir Anna Sigríður.

### VILJA EKKI HITTAST

Þegar hún er spurð hvort fólk ætti að koma fljótt eftir skilnað, svarar hún því neitandi. „Það er eiginlega betra að vera aðeins búinn að fóta sig eftir skilnað. Ég hef fengið konu á námskeið nokkrum áratugum eftir skilnað. Börnin hennar fóru fram á að hún færi á námskeið og tæki líf sitt til endurskoðunar. Þessi kona hafði aldrei jafnað sig eftir skilnaðinn og það litaði öll samskipti í fjölskyldunni. Ég þekki það vel sem prestur að fullorðin skilnaðarbörn eru oft að færa til viðburði í lífi sínu vegna þess að foreldrarnir vilja ekki hittast. Það er staðreynd sem er mjög algeng. Það þarf hins vegar ekki að vera þannig,“ segir Anna Sigríður og bætir við að þegar fólk opni sig um skilnaðinn sleppi það gjarnan taki á reiðinni. „Það er mjög vont að lifa í skugga skilnaðar í áratugi. Fólk getur ekki notið lífsins ef það heldur fast í erfiðar tilfinningar.“

Anna Sigríður var sóknarprestur í Dómkirkjunni en hætti þegar hún náði 67 ára aldri fyrir tveimur árum. Hún er þó ekki tilbúin að hætta að vinna og setjast í helgan stein. „Ég hef fullt starfsþrek og sé enga ástæðu til þess,“ segir hún. „Ég veit ég get hjálpað fólki og hef séð að þessi námskeið skila miklum árangri,“ segir hún. Námskeiðið er á morgun hjá Lausnum og hægt að forvitnast um það og skrá sig á heimasíðunni www.lausnir.is.



Anna Sigríður Pálsdóttir, prestur og ráðgjafi, aðstoðar fólk eftir skilnað við að eignast nýtt og betra líf.






Úr kvikmyndinni Café Society eftir Woody Allen.

# RÓMANTÍK HJÁ WOODY ALLEN

Annaðhvort elska menn kvikmyndir Woody Allen eða hata. Nýjustu myndinni, Café Society, hefur þó verið vel tekið, enda þykir hún bæði rómantísk og hlý. Myndin gerist á blómatíma í Hollywood, á gullöld djassins. Ungur maður, Bobby, flytur frá heimili sínu í New York til auðugs frænda í Hollywood. Bobby fær að upplifa ást, glamúr og gullaldarlíf kvikmyndaborginnar.

Myndin var frumsýnd í Cannes í maí. Hún er sögð hafa góðan söguþráð og aðalleikarar, Jesse Eisenberg og Kristen Stewart, eiga góðan leik. Flestar myndir Woody Allen á undanförnum árum hafa vakið athygli. Þótt Allen sé orðinn áttræður segist hann hvergi vera hættur. „Mér finnst ótrúlegt að ég sé kominn á þennan aldur. Ég er þó farinn að heyra illa og er með heyrnartæki,“ segir hann. „Ég hef ákveðið að búa til kvikmyndir meðan ég stend í lappirnar. Faðir minn varð meira en 100 ára og mamma náði næstum 100 árum,“ segir hann.

„Ég hugsaði þessa mynd sem rómantíska fjölskyldusögu,“ segir höfundurinn en í bíómyndinni er setning sem segir að lífið sé kómedía. „Þetta er saga um framhjáhald, svik, glæpamenn, misnotkun og rómantík. Þótt sagan eigi að skemmta áhorfandanum er líka sorglegur undirtónn í henni.“



Woody Allen er orðinn áttræður en hvergi hættur að gera kvikmyndir.


hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



## Bætið trefjunum við matinn

Flestir hafa heyrt um nauðsyn þess að borða trefjar. Þær eru góðar fyrir meltinguna og trefjaríkt fæði getur einnig minnkað líkur á heilablóðfalli og hjartasjúkdómum.

Til að uppfylla daglega þörf líkamans fyrir trefjar er sniðugt að bæta trefjaríkum hráefnum við það sem við erum vön að borða. Hér eru nokkrar góðar leiðir til þess.

- Bætið hörfræjum við hafragraut, þeyting, jógúrt og í baksturinn. Tvær matskeiðar af hörfræjum innihalda 3,8 grömm af trefjum og auk þess skammt af Omega-3 fitusýrum.
- Chia-fræ innihalda heil 5,5 grömm af trefjum í hverri matskeið. Þegar þau komast í tæri við vökva blása þau út og verða að nokkurs konar geli sem gott er að nota til að þykkja þeytinga, búa til holla búðinga eða nota í stað eggja í kökum.
- Spínat og gulrætur eru kannski ekki eins trefjarík og sumar aðrar grænmetistegundir en auðvelt er að bæta þeim í ýmsa rétti, svo sem í bananabrauð, eggjakökur og heimabakaða pitsubotna.



## Förðunin endist mun lengur

Margar konur finna fyrir því seinni part dags að förðunin er gufuð upp og baugar komnir undir augun. Það er gott að hressa aðeins upp á andlitið, sérstaklega ef maður ætlar í verslunarleiðangur eða hitta vinkonur eftir vinnu eða skóla. Gott er að hafa andlitssprey í töskunni og hyljara. Það frískar upp húðina. Sumir segja að með því að þvo andlitið með andlitsvatni að morgni, bera síðan dagkrem á húðina fyrir förðun, endist hún mun lengur. Notið baugahyljara undir augun áður en meikið er borið á. Það má endurtaka síðdegis og púðra létt yfir. Til þess að púðrið sjáist ekki er gott að vökva púðursvampinn smávegis. Síðan klappar maður létt yfir með fingrunum.

## BLEIKA LÍNAN Í LINDEX

Lindex hefur hafið sölu á Bleiku línunni en tíu prósent af sölu hennar renna til styrktar baráttunni við brjóstakrabbamein.

Á síðustu árum hefur Lindex unnið með alþjóðlegum hönnuðum á borð við Missoni, Matthew Williamsson og Jean Paul Gaultier, en nú í ár er það hönnunarteymi Lindex sem er ábyrgt fyrir línunni sem hefur fengið heitið Bleika línan.

Bleika línan samanstendur af 19 mjúkum, prjónuðum og ofnum flíkum og fylgihlutum í litapallettu haustsins, allt frá djúpum búrgúndírauðum lit í fölbleikan. Bleika armbandið mun einnig vera hluti af línunni en allur ágóði af sölu þess rennur til styrktar rannsóknum á brjóstakrabbameini. Armbandið, sem er framleitt úr leðri og málmi, er framleitt í Svíþjóð með umhverfisvænum hætti.

Nú þegar hefur Lindex á Íslandi, í krafti viðskiptavina sinna, safnað um fimm milljónum króna til styrktar baráttunni og er þetta nú fimmta árið í röð sem félagið veitir baráttunni lið.






## Bókhald

**Bókhald - Bókhald**
**Laun - skattframtöl.**
Stjornun.is - Ármúla 38
Sími 566-5555 & 868-5555

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Húsamálari getur tekið að sér verkefni hvar sem er. Tilboð eða tímavinna. S. 779-2965

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**SMIÐSKRAFTUR EHF.**
**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**
**smidskraftur@gmail.com**

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Vélar og verkfæri

**Skurðarblað fyrir flísar**
Slim - Fast þykkt 1,2mm
**Hreinn skurður á mettíma**
Stærðir 115mm &125mm
**Ásborg**
Smiðjuvegi 11 Gul gata Kóp.
Sími 564 1212

# HEILSA

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á NÝBÝLAVEGI**
150 fm verslunar og lager húsnæði

430 fm atvinnuhúsnæði

285 fm Kistumelur 14

Hafsteinn 690 3031

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**ENERGIA VEITINGAHÚS SMÁRALIND**
Vantar gott og duglegt fólk í sal og á kaffibar, þarf að geta byrjað strax. Vinnutími umsemjanlegur en um 100% starf er að ræða.

Umsóknir sendist á energia@energia.is

## Atvinna óskast

Traust fyrirtæki óskar eftir smiðum og/eða undirverktökum í fjölbreytt starf. Reliable construction company is looking for cunstruction workers or employees. Sími/info:7733376. Mail:frikkisol@gmail.com


**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar





## tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

### Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Lækjargata 10 og 12, Vonarstræti 4-4b og Skólabrú 2

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 21. september 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 29. september 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna Lækjargötu 10 og 12, Vonarstræti 4-4b og Skólabrú 2. Í breytingunni felst m.a. að dregið er lítillega úr byggingarmagni ofanjarðar, húshlutar íð grennri, byggingarreitur jarðhæðar minnkaður og garðrými í porti stækkað. Byggingarhlutar næst Lækjargötu 10 og Vonarstræti 4 lækkaðir um eina hæð en byggingarhluti næst Kirkjutorgi 6 hækkaður. Sett eru skilyrði um uppbrot útveggjar að Lækjargötu í 4 einingar og gerð er grein fyrir varðveislu og frágangi fornminja. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 - 16:15, **frá 7. október 2016 til og með 18. nóvember 2016**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, ***www.reykjavik.is***, undir skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega, til umhverfis - og skipulagssviðs, b.t. skipulagsfulltrúa, eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 18. nóvember 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 7. október 2016
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

## skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI

**Undankeppni HM 2018**

**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*









# Hljómsveitin Klettar

**Rúnar Þór, Rúnar Vilbergs, Björgvin Gísla og Siggi Árna spila í kvöld.**

Allir velkomnir

Gullnáman

**Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn**





Hyundai Santa Fe er glæsilegasti bíllinn í Hyundai fjölskyldunni. Nýr Santa Fe er nú með 200 hestafla, 2,2 lítra dísilvél og fjölda tæknilegra öryggisatriða sem auka öryggi og auðvelda ökumanni að bregðast rétt við mismunandi aðstæðum. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai Santa Fe með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Santa Fe - Verð frá 6.890.000 kr.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

UEFA EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Dísilvél 2,2 lítrar, 200 hestöfl, eldsneytisnotkun 8,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð.
*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

## Merkisatburðir

**1342** Pierre Roger varð Klemens 6. páfi í Avignon.
**1346** Orrustan við Nevilles Cross í Skotlandi. Englendingar handtóku Davíð 2. Skotakonung og höfðu hann í haldi í 11 ár.
**1391** Birgitta Birgisdóttir var tekin í dýrlingatölu.
**1571** Orrustan við Lepanto var háð.
**1684** Hotta Masatoshi, aðalráðgjafi Tokugawa Tsunayoshi, herstjóra í Japan, var myrtur.
**1828** Konungur gaf út úrskurð um það að kirkjudyr skyldu opnast út.
**1879** Þýskaland gerði hernaðarbandalag við Austurríki-Ungverjaland.
**1893** Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan var stofnað.
**1920** Konur fengu að útskrifast með fullar prófgráður frá Oxford-háskóla.
**1944** Bandamenn sprengdu John Frost-brúna í Arnhem í loft upp.
**1949** Austur-Þýskaland var stofnað.
**1954** Minjasafn Reykjavíkur var stofnað. Síðar var því skipt í Árbæjarsafn og Borgarskjalasafn.
**1989** Í Reykjavík var opnuð sýning í tilefni af 150 ára afmæli ljósmyndunar. Á sýningunni var meðal annars mynd af Rannveigu Hallgrímsdóttur, en hún var systir Jónasar skálds.
**1992** Tekin voru í notkun flóðljós á Laugardalsvelli í Reykjavík.
**2001** Bandaríkin hófu árás á Afganistan.
**2008** Bankahrunið á Íslandi: Íslenska fjármálaeftirlitið tók yfir rekstur Landsbanka Íslands.
**2008** Bankahrunið á Íslandi: Davíð Oddsson kom fram í Kastljósi og sagði: „við ætlum ekki að borga erlendar skuldir óreiðumanna."

# Verkefnið hefur vaxið

**Skáld í skólum á tíu ára afmæli í ár, verkefnið hefur notið mikilla vinsælda síðan það hóf göngu sína. Davíð Stefánsson rithöfundur, segir verkefnið hafa góð áhrif á nemendur.**

Í ár er kynnt til sögunnar nýjung sem margir hafa kallað eftir, en það eru heimsóknir þar sem vanir rithöfundar leiða nemendur inn í ævintýraheim skapandi skrifa í ritsmiðjunum. Við erum að fagna því að bókmenntaverkefnið Skáld í skólum hóf göngu sína haustið 2006 og er því tíu ára í ár," segir Davíð Stefánsson, rithöfundur og verkefnastjóri Skálda í skólum, spurður út í verkefnið sem fagnar tíu ára afmæli í ár, með nýjum og enn betri áherslum sem henta grunnskólabörnum landsins.

„Þetta hefur gengið virkilega vel, en ástæðan er sú, að fjöldi skóla sér mikilvægi þess að fá okkur í heimsókn, við kynnum bókmenntir fyrir nemendum, sýnum þeim að venjulegt fólk skrifi bækur og hvetjum þau til fjölbreyttra skrifa," segir Davíð.

Á þeim áratug sem liðinn er hefur verkefnið Skáld í skólum vaxið og dafnað og þegar hafa yfir fimmtíu mismunandi dagskrár orðið til innan vébanda verkefnisins og í ár er afar fjölbreytt dagskrá í boði.

„Við bjóðum upp á skemmtilega og fjölbreytta dagskrá í ár. Við ætlum að skoða Má allt í ævintýraheimi með Jónu Valborgu Árnadóttur og Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur, Skrópað í skóla lífsins með Aðalsteini Ásberg og Svavari Knúti og Gamandrama fyrir leiksvið og bíó með Óskari Jónassyni og Kristjáni Þórði Hrafnssyni," segir Davíð.

Þegar Skáld í skólum hóf göngu sína árið 2006 tóku grunnskólar landsins verkefninu opnum örmum. Skáld í skólum bauð upp á margt nýstárlegt þar sem ólíkum höfundum er teflt saman og dagskráin sem í boði hefur verið úr ýmsum áttum.

„Við bjóðum upp á þrjár mismundi ritsmiðjur í þetta skipti en það mun vera Leikurinn er lykillinn, eftir mig, Veiðum hugmyndir, með Hildi Knútsdóttur, og Snilldin römmuð inn, með Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur," segir hann og bætir við að skólar geti valið um það hvort höfundarnir hitti nemendur einu sinni, tvisvar eða þrisvar sinnum í ritsmiðjum og bjóðast þær nemendum á öllum skólastigum.

Skráningu Skálda í skólum lýkur í þessari viku, en hvar er hægt að skrá sinn skóla til leiks?

„Það er verið að loka fyrir skráningu en frekari upplýsingar um verkefnið er hægt að fá með því að senda póst á tinna@rsi.is og á vefsíðu rsi.is," segir Davíð að lokum.

**gudrunjona@frettabladid.is**


**Davíð Stefánsson rithöfundur er verkefnisstjóri Skálda í skólum í ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu minningu

**Þóris Pálssonar Roff**

virðingu og okkur aðstandendum samúð við andlát hans.

**Ásthildur, Addý, María Alva, systkini, tengdabörn og barnabörn.**



Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,

**Þorbjörg Bergsteinsdóttir**
(Tobba)
frá Ási,

lést á hjúkrunarheimilinu Dyngju, Egilsstöðum, mánudaginn 3. október. Útför auglýst síðar.

**Þorbjörn Bergsteinsson**
**Jón Bergsteinsson** **Birna Stefánsdóttir**
**Ásta Magnúsdóttir**
**systkinabörn og fjölskyldur.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Valdís Gróa Geirarðsdóttir**
Lækjasmára 4, Kópavogi,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 11. október klukkan 15.00.

**Þorgeir Lúðvíksson**
**Lúðvík Þorgeirsson** **Sædís Austan Gunnarsd.**
**Kristín Anna Þorgeirsdóttir** **Örn Arnarsson**
**Björgvin Þór Þorgeirsson** **Guðrún Jónsdóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Ingibjörg Þórðardóttir**
Laugarnesvegi 55, Reykjavík,

lést 4. október síðastliðinn. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju, miðvikudaginn 12. október klukkan 13.

**Snæbjörn Sveinsson**
**Margrét Snæbjörnsdóttir** **Axel Sigurjónsson**
**Helga Snæbjörnsdóttir** **Stefán Eiríksson**
**Gísli Þórmar Snæbjörnsson** **Íris Þórarinsdóttir**
**Hrafnhildur Inga, Snærós, Snæbjörn, Hrafnkell, Sóley, Þorsteinn, Þórarinn, Ingi, Egill og Ægir.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Ólafur Haukur Baldvinsson**
Sólgarði, Fnjóskadal,

lést á Kristnesspítala 4. október. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 13. október kl. 13.30. Jarðsett verður í Hálskirkjugarði.

**Sigrún Jónsdóttir**
**Sólrún María Ólafsdóttir** **Qussay Odeh**
**Hafdís Ólafsdóttir** **Jóhann Hansen**
**Dagný Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**



Eiginkona mín, móðir okkar og amma,

**Dagný Ólafía Gísladóttir**
Rauðhömrum 12, 112 Reykjavík
(síðast í Sóltúni),

er látin. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 19. október nk. kl. 13.00.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Ragnar Tómasson**
**Ragna Þóra Ragnarsdóttir**
**Dagný Ó. Ragnarsdóttir**
**Arnar Ragnarsson**
**Ellý Tómasdóttir**
**Ragnar Tómasson yngri**
**Rúna Tómasdóttir**



Ástkær bróðir minn og frændi okkar,

**Þorbjörn Bjarnason**
kennari,
Álftamýri 48,
frá Lyngholti, Hrútafirði,

andaðist mánudaginn 3. október sl. Útför hans fer fram fimmtudaginn 13. október kl. 13.00 frá Háteigskirkju. Hann verður jarðsettur á Prestbakka í Hrútafirði.

**Þorsteinn Bjarnason**
**Ástríður Ingibjörg Hannesdóttir**
**Helga Hannesdóttir**
**Bjarndís Hannesdóttir**
**Gunnlaug Hannesdóttir**
**Anna Kristín Hannesdóttir**
**og fjölskyldur.**



Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún M. Hafsteinsdóttir**
Granaskjóli 6,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 4. október. Jarðarförin auglýst síðar.

**Jóhannes Kr. Jónsson,**
**Bára Jóhannesd. Guðrúnard.** **Guðmann S. Magnússon**
**Guðjón Jóhannesson** **Guðmunda Ásgeirsdóttir**
**Albert Jóhannesson** **Jóhanna Tryggvadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





VERTU MEÐ - DRÖGUM 11. OKTÓBER | TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á HHI.IS

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
Vænlegast til vinnings

PIPAR\TBWA • SÍA • 156137



**NÝ VARA**

**1.398** kr./stk.

**PEEKABOO LOVIE TUSKUDÝR**
verð 1.398 kr./stk.

**30% VERÐLÆKKUN**



frá **1.118** kr.

**KIDS VÍTAMÍN, ÝMSAR GERÐIR**
verð áður frá 1.688 kr.

**1.790** kr.

**NA. DROPAR F/BÖRN**
verð áður 2.558 kr.

**838** kr.

**NA. C VÍTAMÍN DROPAR**
verð áður 1.198 kr.

**20% VERÐLÆKKUN**



**1.498** kr.

**NUK GJAFASETT - BLEIKT EÐA BLÁTT**
verð áður 1.898 kr.



**1.998** kr./stk.

**BUXUR**
verð áður 2.492 kr./stk.



**2.248** kr./stk.

**LANGERMA SAMFELLA**
verð áður 2.668 kr.



**1.598** kr./stk.

**BARNA LAMBHÚSHETTA**
verð áður 1.998 kr./stk.



**1.393** kr.

**BERRY DOPHILUS**
verð áður 1.858 kr.

**1.708** kr.

**DHA FITUSÝRUR**
verð áður 2.278 kr.

**798** kr.

**D-3 VÍTAMÍN**
verð 798 kr.



**1.540** kr./pk.

**MAM SNUÐ NIGHT S 6M+**
verð áður 1.732 kr./pk.



**1.798** kr./stk.

**HANDKLÆÐI 70 X 100, ÝMSAR GERÐIR**
verð áður 1.998 kr./stk.



**2.198** kr.

**BAÐSLOPPUR**
verð áður 2.968 kr.



**198** kr./stk.

**HIPP JÓGÚRT, 6 TEGUNDIR**
verð 252 kr.

**NÝ VARA**



**2.648** kr.

**KERRUTASKA**
verð 2.648 kr.



**1.570** kr.

**SPARKMOTTA**
verð 1.570 kr.



**310** kr.

**4-24 MÁNAÐA**
verð áður 388 kr.

**220** kr.

**5-7 ÁRA**
verð áður 275 kr.

**228** kr.

**2-4 ÁRA**
verð áður 286 kr.

**315** kr.

**8+ ÁRA**
verð áður 394 kr.



**1.598** kr.

**REFILL KIDS STAGES**
verð áður 1.998 kr.



**5.942** kr.

**MICKEY RAFMAGNSTANNBURSTI**
verð áður 7.428 kr.

**20% VERÐLÆKKUN**



**233** kr.

**CREST KIDS TANNKREM**
verð áður 292 kr.

Snertilausar greiðslur VALITOR

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - **Tilvalið gjafakort**

OPIÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. **www.fjardarkaup.is**



**898 kr.**

**SLIPPERS INNISKÓR, ÝMSAR GERÐIR**
verð áður 1.248 kr.

## 20% VERÐLÆKKUN



**1.598 kr.**

**BAMBO NATURE JUNIOR 12-22KG**
verð áður 1.998 kr.

**158 kr.**

**ABENA GRISJUR HVÍT 10X10 CM.**
verð áður 198 kr.

**718 kr.**

**BAMBO NATURE NR 2. 3-6KG**
verð áður 898 kr.

**1.598 kr.**

**BAMBO NATURE NR. 6 16-30KG**
verð áður 1.998 kr.

**238 kr.**

**BLAUTÞURRKUR ÁN ILMEFNA**
verð áður 298 kr.

# BARNA DAGAR



**144 kr./stk.**

**HOLLE SKVÍSUR, 8 TEGUNDIR**
verð áður 192 kr./stk.

## 30% VERÐLÆKKUN



**110 kr./stk.**

**VITABIO ÁVAXTAMAUK, 6 TEGUNDIR**
verð áður 158 kr./stk.



**1.782 kr./pk.**

**FIXONI BLEYJUR**
verð áður 2.336kr./pk.

## 20% VERÐLÆKKUN



**656 kr.**

**ÞURRKUR F/SNUÐ OFL.**
verð áður 820 kr.

**1.556 kr.**

**BARNATANNKREM + BURSTI**
verð áður 1.945 kr.



**1.398 kr.**

**KIDS PRO-5**
verð áður 1.998 kr.



**532 kr./pk.**

**HOLLE GRAUTUR 2 GERÐIR**
verð áður 710 kr./pk.



**711 kr.**

**HOLLE BARNAOLÍA**
verð áður 948 kr.



**110 kr./stk.**

**VITABIO DJÚS 6 GERÐIR**
verð áður 150 kr./stk.

**Tilboð gilda til 8. október**

**FK FJARÐARKAUP**

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Föstudagur




Suðaustanáttin verður stíf víða um land og getur náð stormi syðst á landinu. Norðanlands verður allvíða sólríkt, en syðra verður skýjað með rigningu öðru hverju. Hlýtt verður í veðri og gæti hiti náð 15 stigum fyrir norðan.

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 8° | 10° |
| ↖11 | ↑7 | ↖8 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 9° | 10° | 5° |
| ↖11 | ↖7 | ↑11 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 7° | 8° |
| ↖15 | ↖9 | ↖5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 8° | 7° | 5° |
| ↑9 | ←8 | ↖14 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. teikniblek
6. frá
8. að
9. strá
11. bókstafur
12. kyrtla
14. klingja glösum
16. tveir eins
17. fúadý
18. fljótfærni
20. þys
21. málmur

**LÓÐRÉTT**
1. korn
3. stefna
4. eyja í Mið-jarðarhafi
5. berja
7. nærri allar
10. ról
13. þukl
15. gegna
16. traust
19. átt




**LÁRÉTT: 2.** túss, **6.** af, **8.** til, **9.** íla, **11.** ká, **12.** serki, **14.** skála, **16.** tt, **17.** fen, **18.** ras, **20.** ys, **21.** úran.
**LÓÐRÉTT: 1.** maís, **3.** út, **4.** sikiley, **5.** slá, **7.** flestar, **10.** ark, **13.** káf, **15.** ansa, **16.** trú, **19.** sa.

## Skák Gunnar Björnsson

Bragi Þorfinnsson (Taflfélagi Reykjavíkur) átti leik gegn Björgvini Jónssyni (Skákfélagi Reykjanesbæjar) á Íslandsmóti skákfélaga.

**Hvítur á leik**

**23. Hxf6+! 1-0.** Svartur gafst upp enda mát eftir **23.… Bxf6 24. Bh6+ Bg7 25. Hf1#.** Undanúrslit hraðskákkeppni taflfélaga fóru fram í gærkveldi . Lesa má um gang mála á www.skak.is.

**www.skak.is:** Íslandsmót ungmenna um helgina.



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 8 | | 2 | 4 | 9 | | 7 |
| | | 7 | | | 6 | | 3 | |
| | | | | 8 | | | | 6 |
| | 2 | 3 | 5 | | | | | |
| | 5 | | 6 | | | 8 | | |
| | | | | | 2 | 3 | 9 | |
| 5 | 7 | | | 3 | 1 | 4 | 6 | |
| | | | | 4 | 7 | | 1 | |
| 1 | 9 | | | | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 9 | 3 | | | 2 | 5 |
| | | 3 | | 6 | | | | |
| | 9 | | 7 | | 1 | | | |
| | | | 1 | | 3 | 9 | 5 | |
| | | 6 | | 9 | 4 | 3 | | 2 |
| 7 | | | | | | 8 | | |
| | | 1 | 3 | 5 | | | | 9 |
| | | | | | | 5 | | 8 |
| | | 2 | | | | 4 | 1 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | | 3 | | | 4 | 2 |
| | | 5 | 1 | | 4 | | | 6 |
| | | | 8 | 9 | | | 5 | |
| | | | | | | 4 | 3 | |
| | 5 | | | | 7 | | | |
| 2 | | | 9 | | | | | |
| 3 | | | 5 | | | 7 | 1 | |
| | | 6 | | 2 | | | | |
| | | | 3 | | 8 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 | 7 | 5 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 1 | 2 | 6 | 3 | 4 | 8 |
| 4 | 2 | 8 | 3 | 5 | 7 | 6 | 9 | 1 |
| 8 | 4 | 2 | 5 | 7 | 3 | 9 | 1 | 6 |
| 6 | 7 | 1 | 8 | 4 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 5 | 3 | 9 | 6 | 1 | 2 | 8 | 7 | 4 |
| 9 | 5 | 3 | 2 | 6 | 1 | 4 | 8 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 3 |
| 2 | 8 | 4 | 7 | 3 | 5 | 1 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 7 | 5 | 1 | 3 | 2 | 9 | 8 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 7 |
| 8 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 | 4 | 1 |
| 1 | 2 | 6 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 3 | 7 | 4 | 8 | 5 | 1 | 6 | 2 | 9 |
| 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 8 | 5 | 7 | 4 |
| 2 | 5 | 9 | 1 | 4 | 7 | 3 | 8 | 6 |
| 7 | 4 | 8 | 3 | 6 | 5 | 9 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 3 | 7 | 2 | 1 | 6 | 9 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 3 | 5 | 9 | 7 | 2 | 8 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 4 | 6 | 3 | 1 | 5 |
| 8 | 1 | 6 | 4 | 9 | 2 | 5 | 3 | 7 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 8 | 1 |
| 6 | 2 | 8 | 9 | 1 | 7 | 4 | 5 | 3 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 6 | 8 | 1 | 7 | 2 |
| 1 | 5 | 7 | 2 | 3 | 4 | 8 | 6 | 9 |

**FRÉTTABLAÐIÐ** er Helgarblaðið



**Sorg og vanmáttur**
Sýrlendingar frá hinni stríðshrjáðu borg **Aleppo**, búsettir á Íslandi, rifja upp lífið í borginni og hvernig það er að fylgjast með fréttum af hörmungum sem nú dynja yfir heimaborgina þar sem vinir þeirra og ættingjar búa.

**Á rökstólum**
**Einar K. Guðfinnsson**, forseti Alþingis, er að hætta í á þingi og **Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir** er að hefja afskipti sín af stjórnmálum. Einar leggur Jóhönnu línurnar.



**Kunnugleg stef í kosningum**
**Stefán Pálsson** skrifar um kunnugleg stef í stjórnmálasögunni. Komandi kosningar í Bandaríkjunum kunna að virðast einstæðar en minna um margt á aðrar afdrifaríkar kosningar árið 1940.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



40%

GUFUSLÉTTIR
ALGJÖR SNILLD
ALDREI VERIÐ LÉTTARA AÐ SLÉTTA ÚR FLÍKUM
VERÐ ÁÐUR...9.995
TILBOÐ .........5.995

Fissler
Fissler Perfect every time.
20% afsláttur
af öllum pottum og pönnum!

ÖFLUGAR OG ORKUSPARANDI

25%
PHILIPS
Performer Compact
RYKSUGA
VERÐ ÁÐUR...22.995
TILBOÐ .........16.995

20%
PHILIPS
PowerLife Eco Range
RYKSUGA
VERÐ ÁÐUR...15.995
TILBOÐ .........12.795

# KRINGLUKAST

# byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

## ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

33%
EVA TRIO **SÓSUPOTTUR**
VERÐ ÁÐUR.....14.995
TILBOÐ .............9.995

ÖRBYLGJUOFNAR

20%
750W ÖRBYLGJUOFN - SILFUR
VERÐ ÁÐUR.....24.995
TILBOÐ ...........19.995

30%
ÖRBYLGJUOFN 28L M/GRILLI
VERÐ ÁÐUR.....24.995
TILBOÐ ...........17.495

AeroPress
KAFFIPRESSA
Fyrir kaffiunnendur
25%
VERÐ ÁÐUR...8.995
TILBOÐ ..........6.795

ÍSLENSKA
PÖNNNUKÖKUPANNAN
20%
ÞESSI GAMLA GÓÐA
VERÐ ÁÐUR...10.995
TILBOÐ ............8.795

Melissa
RAFMAGNS SALT- OG PIPARKVARNIR
25%
Keramik malari - 2 saman í pakka
VERÐ ÁÐUR... 4.995
TILBOÐ ......... 3.745

KitchenAid
SEGULBLANDARI
40%
FULLT VERÐ ...... 99.995
TILBOÐSVERÐ ... 59.995

20% afsláttur
af öllum Le Creuset vörum
LE CREUSET®

TRISTAR
VÖFFLUJÁRN
EKTA BELGÍSKAR
40%
VERÐ ÁÐUR...9.995
TILBOÐ .........5.995

iRobot
RYKSUGU VÉLMENNI
ÞÚ SPARAR 10.000 KR.
VERÐ ÁÐUR...59.995
TILBOÐ .........49.995

KitchenAid
HRÆRIVÉL + 5 stk. BÖKUNARSETT
Bökunarsett að verðmæti 14.995
Settið inniheldur 5 vönduð og viðloðunarfrí KitchenAid bökunarform.

FULLT VERÐ ... 107.990
( Hrærivél 92.995 + Bökunarsett 14.995 )
UNNIR LITIR Fjöldi lita
TILBOÐSVERÐ .. 92.995

FULLT VERÐ ... 104.990
(Hrærivél 89.995 + Bökunarsett 14.995)
ÝMSIR LITIR
TILBOÐSVERÐ .. 89.995

GEORGE FOREMAN
HEILSUGRILLIN

FAMILY 5 51sm² grillflötur
FULLT VERÐ .....14.995
KRINGLUKAST ...8.995
40%
Allt að 42% minni fita

25%
Losanlegar plötur
*FAMILY 51sm² grillflötur
FULLT VERÐ .......19.995
KRINGLUKAST ...14.995

25%
Losanlegar plötur
*ENTERTAINING 64sm² grillflötur
FULLT VERÐ .......22.995
KRINGLUKAST ...17.295

Villeroy & Boch 1748
Öll Villeroy & Boch kaffistell
50%

SJÁLFVIRKAR PHILIPS KAFFIVÉLAR
20.000 KR. AFSLÁTTUR Á KRINGLUKASTI

Nýjung! CoffeeSwitch

PHS-HD8821
FULLT VERÐ ...... 89.995
TILBOÐSVERÐ ... 69.995

PHS-HD8841
FULLT VERÐ ...... 99.995
TILBOÐSVERÐ ... 79.995







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| MIDDLE SCHOOL | 4, 6 |
| MAGNIFICENT 7 | 6, 9, 10:30 |
| FRÖKEN PEREGRINE | 6 |
| BRIDGET JONES'S BABY | 8 |
| EIÐURINN | 9 |
| STORKAR 2D ÍSL.TAL | 4 |




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 5:30 - 8 - 10 - 10:30 |
| THE GIRL ON THE TRAIN VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 8 - 10:20 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 4 - 6 |
| STORKS ENSKT TAL | KL. 8 |
| SULLY | KL. 5:50 - 8 - 10 |
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 10:20 |
| WAR DOGS | KL. 8 |
| ROBINSON CRUSOE ÍSLTAL | KL. 3:40 |
| PETE'S DRAGON | KL. 3:20 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 5:20 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 2D | KL. 4 - 6 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| MEÐ ALLT Á HREINU SING-ALONG | KL. 8 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 10:10 - 10:40 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 5:30 |
| BRIDGET JONES'S BABY | KL. 5:20 - 8 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 5:30 |
| SKIPTRACE | KL. 5:40 - 8 |
| SULLY | KL. 8 - 10:10 |
| WAR DOGS | KL. 10:20 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 10:30 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| THE MAGNIFICENT SEVEN | KL. 10:30 |
| BRIDGET JONES'S BABY | KL. 8 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 2D | KL. 6 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 - 10:30 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 8 - 10:30 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| STORKS ENSKT TAL | KL. 6 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 7. OKTÓBER

### Tónlist

**Hvað?** Geiri Sæm og Hunangstunglið
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargötu
Risafréttir fyrir alla aðdáendur Geira Sæm en hann ætlar hvorki meira né minna en að mæta í kjallarann á Græna herberginu og taka öll sín vinsælustu lög. Aðgangseyrir er 2.500 krónur.

**Hvað?** Hreimur
**Hvenær?** 00.00
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargötu
Hreimur mætir með gítarinn og tekur félaga sína, þá Birgi Kárason bassaleikara og Benna Brynleifs trommuleikara, með sér og munu þeir að sjálfsögðu einungis leika lög frá níunda áratugnum. Frítt inn.

**Hvað?** Sir Dancelot / Ravenator
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kaffi Vínyl, Hverfisgötu
Plötusnúðarnir Sir Dancelot og Ravenator spila fáránlega skemmtileg lög á mjög háum hljóðstyrk á Vínyl og það er líklegt að lögin komi af vínyl.

**Hvað?** Fantasía Disneys með Sinfóníuhljómsveit Íslands
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Harpa
Fantasía Disneys kom út árið 1940 og er blanda af sígildri tónlist og teiknimynd. Á tónleikunum verður tónlist úr Fantasíu og Fantasíu 2000 leikin við heillandi myndefni. Þessir tónleikar eru hluti af RIFF og fá handhafar RIFF-passa tuttugu prósenta afslátt af miðaverðinu en fullt verð á tónleikana er 2.500–4.500 krónur.

**Hvað?** Óskar Guðjónsson og Skúli Sverrisson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Óskar Guðjónsson blæs í saxófóninn á meðan Skúli Sverrisson spilar á bassa. Aðgangseyrir mun vera 2.000 krónur.

**Hvað?** Grúska Babúska
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Hljómsveitin Grúska Babúska kemur fram á Gauknum í kvöld. Þessi sveit er skipuð fimm konum sem spila elektróníska tónlist með íslenskum þjóðlagabrag. 1.000 krónur inn.



Yoko Ono verður svona líka hress við opnun sýningar sinnar í Hafnarhúsinu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvað?** DJ Krystal Karma
**Hvenær?** 22.00
